



Bæjarstjórn Garðabæjar 8. (867)/2020

Boðað er til 8. (867). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 7. maí 2020 kl. 17:00 fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Dagskrá:

1. 2004020F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/4 '20.
2. 2004026F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/4 '20.
3. 2004035F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/5 '20.
 - 2004161 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns vegna lóðanna við Austurhraun 7 og 9.
 - 2004418 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Sjálands vegna leiksvæðis við Vesturbrún.
 - 1912215 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi brottfall deiliskipulags fyrir Viðskiptastræti Urriðaholts.
 - 1912213 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga Urriðaholts norður vegna afmörkunar skipulagssvæðis.
 - 1912214 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna afmörkunar skipulagssvæðis.
 - 1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.
 - 1912216 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna ákvæða um skjólveggi.
 - 1912217 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna ákvæða um skjólveggi.
 - 1912218 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna ákvæða um skjólveggi.
 - 1912219 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna ákvæða um skjólveggi.
 - 1912220 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna ákvæða um skjólveggi.



4. 2004030F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 29/4 '20.
5. 2004022F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/4 '20.
6. 2004032F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 30/4 '20.
7. 2004021F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla Garðabæjar frá 21/4 '20.
8. 2001009F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 14/1 '20.
9. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/4 '20.
10. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH nr. 485-494 frá 13/3 - 17/4 '20.
11. 2003017 - Fundargerð 22. eigendafundar Sorpu bs. frá 6/4 '20.
12. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 20/4 '20.
13. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17/4 '20.
14. 2005054 - Tillaga um sérstaka eftirfylgni með hagsmunum barna sem búa við fátækt eða aðrar erfiðar aðstæður.
15. 2005059 - Tillaga Garðabæjarlistans um verklagsreglur fyrir athugasemdir og kvartanir vegna þjónustu við fatlað fólk.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar

7. (866). fundur 2020

Fimmtudaginn 16. apríl 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 2. apríl 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2004004F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/4 '20.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili. Gunnar gerði grein fyrir vinnu á sviðum bæjarins sem nú stendur yfir við mótun aðgerða vegna fjárhagslegra áhrifa af Covid19 á rekstur bæjarins.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili og 6. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030- Vífilstaðaland-rammahluti aðalskipulags.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 6. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030- Vífilstaðaland-rammahluti aðalskipulags. Sigurður vék einnig að vinnu við gerð deiliskipulags fyrir Hnoðraholt og Vetrarmýri. Þá ræddi Sigurður 10. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna breytinga á landnotkun lóða við Bergás og Brekkuás fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili, 3. tl., bréf ÍSÍ varðandi áhrif Covid 19 á íþróttahreyfinguna, 6. tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030- Vífilstaðaland-rammahluti aðalskipulags.

Gunnar Einarsson, ræddi 8. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Bæjargils vegna atvinnuhúsalóðar við Gilsbúð.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili, 10. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna breytinga á landnotkun lóða við Bergás og Brekkuás fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk og 6. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030- Vífilstaðaland-rammahluti aðalskipulags. Sara Dögg spurði um stöðu mála varðandi framkvæmdir við fjölnota íþróttahús.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili, 3. tl., bréf ÍSÍ varðandi áhrif Covid 19 á íþróttahreyfinguna, 5. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum sem fólkvangs og 10. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á

deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna breytinga á landnotkun lóða við Bergás og Brekkuás fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Gunnar Einarsson, ræddi 10. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna breytinga á landnotkun lóða við Bergás og Brekkuás fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk, 6. tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030-Vífilsstaðaland-rammahluti aðalskipulags. Gunnar gerði grein fyrir stöðu mála varðandi framkvæmdir við fjölnota íþróttahús og sagði að staða málsins verði kynnt á fundi bæjarráðs nk. þriðjudag.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 5. tl., afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum sem fólkvangs, 10. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna breytinga á landnotkun lóða við Bergás og Brekkuás fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Þá ræddi Sigurður tillögu að deiliskipulagi sem er í vinnslu fyrir Vetrarmýri.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 5. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum sem fólkvangs.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 17. tl., tilkynningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um ákvörðun varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga. Áslaug Hulda vék að ársreikningi Garðabæjar og lagði fram svohljóðandi bókun.

„Ársreikningur Garðabæjar 2019 er unnin eftir ströngustu reglum um gerð ársreikninga sveitarfélaga. Hann hlaut fyrirvaralausa áritun endurskoðanda og allir bæjarfulltrúar staðfestu hann með undirritun sinni. Reikningurinn staðfestir sterka stöðu bæjarsjóðs.

Fjármálaeftirlitið fær árlega, lögum samkvæmt, sendan lista yfir fruminnherja Garðabæjar. Á listanum eru bæjarfulltrúar, bæjarstjóri, bæjarritari, fjármálastjóri, allir sviðsstjórar, aðalbókari ásamt endurskoðanda sveitarfélagsins. Þessi listi er síðan aðgengilegur öllum á heimasíðu FME.

Að bæjarfulltrúar Garðabæjarlistans fullyrði í blaðagrein að stjórnendur sveitarfélagsins séu undanskildir reglum og upplýsingaskyldu um innherja og tengda aðila er alrangt. Það er óábyrgt og óásættanlegt, hvar svo sem fólk er statt í pólitík, að vegið sé að starfsheiðri starfsmanna og endurskoðanda sveitarfélagsins með ósannindum og rangfærslum eins og þar var gert.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 17. tl., tilkynningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um ákvörðun varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga og lagði fram svohljóðandi bókun.

„Fulltrúar Garðabæjarlistans undirstrika inntak umræddar blaðagreinar *Ársreikningur til gagns* sem er fyrst og fremst að varpa ljósi á mikilvægi gagnsæisins í allri framsetningu og um leið mikilvægi þess að standa faglega að fjárhagsáætlunargerð. Í lýðræðislegu samfélagi gerum við kröfu um eins raunsanna mynd af veruleikanum og hægt er. Vanáætlanir gerðar til þess að geta hrósað sér fyrir afbragðs fjármálastjórn er vond pólitík.“

Almar Guðmundsson, ræddi 17. tl., tilkynningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um ákvörðun varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga og framlagðar bókanir.

Gunnar Einarsson, ræddi 17. tl., tilkynningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um ákvörðun varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga og framlagðar bókanir.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar, samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, um óverulega breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) vegna lóðarinnar við Eikarás 10. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og bærust engar athugasemdir. Breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 36. gr. sömu laga tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar sem nær til þróunarsvæðis B, rammahluti aðalskipulags og til Vífilsstaðahrauns (Svínahrauns). Tillagan skal send Skipulagsstofnun til athugunar samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Tillagan skal liggja frammi hjá Skipulagsstofnun og á bæjarskrifstofunum. Tillagan skal auglýst á vef Garðabæjar og þar skal koma fram að hægt er að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla, samkvæmt 1. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 3. mgr. 41. gr. sömu laga. Tillagan skal send til meðferðar Skipulagsstofnunar en engar athugasemdir bárust við tillöguna í athugasemdafresti auglýsingar.

Samþykkt tillaga skal send til afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs þar sem um er að ræða sameiginlegt skipulag Kópavogs og Garðabæjar fyrir Kjóavelli.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bæjargils sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits og stækkun lóðar við Gilsbúð 9 verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) sem gerir ráð fyrir breytingum á landnotkun óbyggðra lóða við Bergás og Brekkuás verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Við Bergás er gert ráð fyrir að lóð fyrir hverfismiðstöð verði breytt og stækkuð í lóð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Við Brekkuás er gert ráð fyrir að lóð fyrir leikskóla verði breytt í lóð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk og í opið svæði fyrir leikvöll.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Silfurtúns í tilefni umsóknar um stækkun byggingarreits á lóðinni við Aratún 36, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Tillagan skal grenndarkynnt eigendum Aratúns 19, 21, 23, 34, 38.

Fundargerðin sem er 17 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2003040F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 3/4 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., tillögu í vinnslu er varðar deiliskipulag fyrir Vetrarmýri.

Fundargerðin lögð fram.

3. 2004007F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 8/4 '20.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., tillögur um breytingar á stígakerfi í upplandinu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi sorphirðumál.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., tillögur um breytingar á stígakerfi í upplandinu.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., tillögur um breytingar á stígakerfi í upplandinu.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi sorphirðumál og svör við spurningum. Þá ræddi Jóna stöðu mála varðandi breytingar á skipulagi Gálgahrauns og 2. tl., tillögur um breytingar á stígakerfi í upplandinu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju sorphirðumál og svör við spurningum.

Sigurður Guðmundsson, ræddi tillögur um breytingar á skipulagi Gálgahrauns og 2. tl., tillögur um breytingar á stígakerfi í upplandinu.

Fundargerðin lögð fram.

4. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30/3 '20.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2001494 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 25/3 '20.

Björg Fenger, ræddi málefni skíðasvæðanna og greindi frá aðsókn að skíðasvæðum fram að lokun vegna samkomubanns.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 30/3 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi málefni Sorpu bs. og kynningu á fjárhagslegri endurskipulagningu og skýrslu um heimilisorp.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi tillögur að aðgerðaráætlun vegna fjárhagslegra endurskipulagningar og fyrirhugaða kynningu á málinu. Jóna ræddi einnig kynningu á skýrslu sem er í vinnslu um stöðu heimilissorps.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2004142 - Tillaga Garðabæjarlistans um vinnureglu þegar kemur að viðburðum líkt og opnunum og upphafi framkvæmda (skóflustungum) á vegum Garðabæjar.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir þá vinnureglu að á undan eða eftir að Garðabær hefur haldið opnun eða upphaf framkvæmda (skóflustungu) fyrir meirihlutann verði önnur slík haldin fyrir minnihlutann.“

Greinargerð:

Mikilvægt er að tryggja jafnræði bæjarfulltrúa. Á það líka við þegar að opnanir og athafnir við upphaf framkvæmda á vegum sveitarfélagsins eiga sér stað. Minnihlutinn vill gjarnan fá tækifæri til að samgleðjast með starfsmönnum og íbúum líkt og hefur tíðkast hjá meirihlutanum.“

Sigurður Guðmundsson, tók til máls um framlagða tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls um framlagða tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls um framlagða tillögu.

Gunnar Einarsson, tók til máls um framlagða tillögu.

Tillagan felld með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE) gegn þremur (SDS,IA,HP).

8. 2004084 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um vöru- og þjónustukaup 2019.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi fyrirspurn.

„Fyrirspurn um kaup á vöru og þjónustu frá stærstu birgjum á árinu 2019.
Fyrirspurn þessi varðar heildarkaup frá birgjum hvort heldur þau eru gjaldfærð eða eignfærð í bókhaldi.“

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarfulltrúar koma saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Bæjarráð Garðabæjar
15. (1924). fundur 2020

Þriðjudaginn 21. apríl 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2004230 - Endurskoðun skipulags og stjórnarháttar byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu.

Á fjarfund bæjarráðs mættu Helga Hlín Hákonardóttir og Guðrún Ragnarsdóttir frá Strategíu og gerðu grein fyrir fyrstu drögum að tillögum að endurskoðun skipulags og stjórnarháttar byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu.

Í tillögunum eru kynntar helstu forsendur fyrir rekstri byggðasamlaganna og á grundvelli þeirra eru lagðar fram þrjár sviðsmyndir um skipulag og stjórnarhætti byggðasamlaganna.

Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH var á fjarfundi bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

Bæjarfulltrúarnir Björg Fenger og Jóna Sæmundsdóttir voru á fjarfundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1 og 2.

2. 2001444 - COVID19 - neyðarstig almannavarna.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir umræðu á fundi almannavarna sl. föstudag þar fram komu m.a. upplýsingar um áhrif samkomubanns á líðan og hegðun fólks í samfélaginu. Á fundinum var rætt um að samræma ákvarðanir vegna viðburða í sveitarfélögunum í vor og byrjun sumar eins og t.d. á 17. júní.

Almannavarnir munu á næstu dögum senda sveitarfélögum gátlista og önnur gögn til að vinna að endurreisn samfélagsins og er gert ráð fyrir að neyðarstjórnir sveitarfélaganna gegni hlutverki endurreisnarteymis.

Upplýsingastjóri gerði grein fyrir samráði sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna framkvæmdar og kynningar á breytingum á takmörkunum á samkomubanni sem taka gildi 4. maí.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs sagði frá undirbúningi að birtingu auglýsingar um breytingar á samkomubanni 4. maí en boðað hefur verið að leik- og grunnskólastarf verði með eðlilegum hætti frá og með þeim tíma sem þýðir að ekki verða gerðar kröfur um 2 metra samskipta fjarlægð í öllum tilvikum. Sviðsstjóri lagði áherslu á hann hafi beint því til skólastjóra að láta starfsemina þróast hægt og eðlilega af stað.

Félagsmálastjóri sagði frá stöðu mála varðandi þróun atvinnuleysis í Garðabæ og aukningu á umsóknum á fjárhagsaðstoð.

Bæjarverkfræðingur gerði grein fyrir að þjónustumiðstöðin er að hefja vorverkin við hreinun bæjarins o.fl.

3. 2003438 - Álftanes Café, Breiðumýri - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Álftanes Café, kt. 470515-1120, leyfi til að byggja við núverandi hús við Breiðumýri.

4. 2001199 - Kinnargata 22 -Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Dagnýju Þorgilsdóttur, kt. 270193-2859, leyfi til að byggja einbýlishús að Kinnargötu 22.

5. 2002351 - Litlabæjarvör 19 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðjóni Þór Jónssyni, kt. 101072-4959, leyfi til að byggja einbýlishús að Litlubæjarvör 19.

6. 2004220 - Bréf Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til fjármála- og efnahagsráðherra varðandi stuðning við sveitarfélögin, dags. 14.04.20.

Bæjarstjóri kynnti efni bréfs Samtaka sveitarféлага á höfuðborgarsvæðinu til fjármála- og efnahagsráðherra þar sem leitað er eftir stuðningi ríkisins við starfsemi sveitarféлага þegar mæta þarf gífurlegum samdrætti í tekjum á sama tíma og kröfur er um að sveitarfélög sinni óbreyttri þjónustu við íbúa.

Bæjarráð tekur undir áherslur í bréfinu um nauðsyn þess að ríkið komi að stuðningi við starfsemi sveitarféлага

7. 2003362 - Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarféлага varðandi fjölda sem nýtt hefur sér minnkandi starfshlutfall og hlutfall atvinnuleysis, dags. 17.04.20.

Lögð fram til upplýsingar.

8. 2003360 - Opnun tilboða í eftirlit með framkvæmdum í Breiðumýri.

Eftirfarandi tilboð bárust.

Mannvit hf.	kr. 11.130.000
VSB ehf.	kr. 10.156.050
Efla hf.	kr. 12.460.000
Strendingur ehf.	kr. 9.962.500
VSÓ Ráðgjöf ehf.	kr. 9.645.300
Hnit verkfræðistofa hf.	kr. 12.065.200
Kostnaðaráætlun	kr. 15.400.000

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, VSÓ Ráðgjafar ehf. með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærufundar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

9. 1606034 - Opnun tilboða í framkvæmdir við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi.

Eftirfarandi tilboð bárust í útboði Vegagerðarinnar vegna framkvæmda við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi.

Grafa og grjót ehf.	kr. 1.036.545.580
Ístak hf.	kr. 972.108.245
Háfell ehf.	kr. 938.515.016
PK-Verk og PK-Byggingar	kr. 875.220.118
Áætlaður verktakakostnaður	kr. 770.000.000

10. 2003365 - Opnun tilboða í endurnýjun íþróttagólfs í íþróttamiðstöðinni Álftanesi.

Eftirfarandi tilboð bárust og hafa þau verið yfirfarin.

Sport-tæki ehf. - 1	kr. 40.828.916
Sport tæki ehf. - 2	kr. 45.413.451
Egill Árnason ehf.	kr. 48.759.836
Parketgæði ehf.	kr. 57.992.250
H.G. og hinir ehf.	kr. 58.137.360
E. Sigurðsson ehf.	kr. 68.220.767
InnGó-Innréttingar og gólf ehf.	kr. 74.093.500
Yabimo ehf.	kr. 103.325.685
Sport-tæki ehf. - 3 (frávik)	kr. 32.017.336
Kostnaðaráætlun	kr. 57.171.500

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Sport-tæki ehf. kr. 45.413.451 í Robbins Bio Channel Classic sem uppfyllir allar kröfur útboðsins um gæði. Samþykktin er með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

11. 2004071 - Bréf Menntamálastofnunar varðandi frestun ytra mats grunnskóla 2020, dags. 06.04.20.

Lagt fram.

12. 2004135 - Tilkynning frá heilbrigðisráðuneytinu um aðgerðaáætlunin í þjónustu við fólk með heilabilun, dags. 08.04.20.

Bæjarráð vísar málinu til kynningar í fjölskylduráði og öldungaráði.

13. 2004115 - Ársreikningur Sorpu bs. 2019.

Lagður fram.

14. 1808087 - Staða framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.

Lagðar fram niðurstöður Mannvits um grundun hússins ásamt kostnaðaráætlun þar sem samanburður kemur fram við kröfu ÍAV um kostnað við jarðvinnu. Þá eru lögð fram svör Mannvits við fyrirspurn IAV varðandi helstu niðurstöður í skýrslunni.

Bæjarstjóri sagði að aðilar væru að fara yfir niðurstöður útreikninga og að fyrirhugaður er fundur í dag um málið með lykilstjórnenda aðila.

15. 2004085 - Yfirlýsing sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um samstarf við rekstur vatns og fráveitu.
Lögð fram.

16. 2004067 - Bréf Hjálparstarfs kirkjunnar varðandi stuðning við starfsemina, dags. 06.04.20.
Bæjarráð vísar bréfinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2020.

17. 2004137 - Tilkynning samgöngu- sveitarstjórnarráðuneytisins um kæru vegna synjunar á aukinni niðurgreiðslu samkvæmt gjaldskrá dagforeldris, dags. 08.04.20.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

18. 2004084 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um vöru- og þjónustukaup 2019.
Lagður fram listi yfir kaup á vöru og þjónustu frá stærstu birgjum á árin 2019.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarráð kemur saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Bæjarráð Garðabæjar
16. (1925). fundur 2020

Þriðjudaginn 28. apríl 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID19 - neyðarstig almannavarna.

Með fundarboði fylgdu minnisblöð og reglur varandi nýjar takmarkanir sem taka gildi frá og með 4. maí nk. Gert er ráð fyrir að starf í leik- og grunnskólum verði með eðlilegu hætti og að íþróttastarf barna á grunnskólaaldri geti hafist. Þá er gert ráð fyrir opnun félagsmiðstöðva og safna.

Sviðsstjórar gerðu grein fyrir stöðunni á sínum sviðum og svöruðu fyrirspurnum.

2. 1902069 - Aðgerðaráætlun sviða vegna úttektar á stjórnarsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar.

Lögð fram uppfærð aðgerðaráætlun vegna tillagna sem bæjarstjórn hefur samþykkt í tengslum við úttekt á stjórnarsýslu, rekstri og fjárhag bæjarins. Í aðgerðaráætluninni kemur fram tímarammi, ábyrgðaraðili og lýsing á framgangi verkefna.

Bæjarfulltrúarnir Björg Fenger, Harpa Þorsteinsdóttir, Ingvar Arnarson og Sigurður Guðmundsson, voru á fjarfundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1 og 2.

3. 2004350 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi margvíslegar aðgerðir til að styðja sveitarfélög, dags. 24.04.20.

Lögð fram.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir umræðu um stöðu sveitarfélaganna í stjórn SSH og stjórn Sambandsins varðandi kröfur um stuðning ríkisins við starfsemi sveitarfélaga.

4. 2001288 - Hraungata 50 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir að afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Smíðaben ehf., kt. 460112-0600, leyfi fyrir byggingu parhúss að Hraungötu 50.

5. 2001289 - Hraungata 48 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir að afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Smíðaben ehf., kt. 460112-0600, leyfi fyrir byggingu parhúss að Hraungötu 48.

6. 2001502 - Opnun tilboða í tryggingar Garðabæjar.

Eftirfarandi tilboð lögð fram í útboði um tryggingar Garðabæjar.

Sjóvá Almennar tryggingar hf.	kr. 48.046.050
TM tryggingar hf.	kr. 54.101.477
Vátryggingafélag Íslands hf.	kr. 55.953.203

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Sjóvá Almennra trygginga hf. Allir skilmálar útboðsins voru uppfylltir. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

7. 2004252 - Tilkynning frá heilbrigðisráðuneytinu varðandi tillögur að endurhæfingarstefnu, dags. 20.04.20.

Bæjarráð vísar málinu til kynningar í fjölskylduráði.

8. 1904109 - Úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020.

Bæjarráð samþykkir að veita eftirfarandi aðilum styrki samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun 2020.

Garðálfar , kór eldri borgara á Álftanesi	kr. 300.000
Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi	kr. 150.000
Kvennaráðgjöfin	kr. 200.000
Garðakórinn	kr. 350.000
Samtök um kvennaathvarf	kr. 500.000
Stígamót	kr. 200.000
Félag eldri borgara í Garðabæ	kr. 500.000
Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu	kr. 100.000
Bjarkahlíð -miðstöð fyrir þolendur ofbeldis	kr. 300.000

Bæjarráð samþykkir að vísa styrkbeiðni Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla til afgreiðslu menningar- og safnanefndar.

Bæjarráð telur eigi unnt að verða við erindi KFUM & KFUK og Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins um styrk að þessu sinni.

Bæjarráð samþykkir að vísa styrkbeiðni Hjálparstarfs kirkjunnar til frekari skoðunar við ákvörðun á framlagi til styrktarsjóðs Garðasóknar og Bessastaðasóknar.

Bæjarráð samþykkir að fresta að svo stöddu afgreiðslu á styrkbeiðni Samtaka um stuðningssetur fyrir ungt fólk.

9. 2004348 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-25, 643. mál., dags. 23.04.20.
Lagt fram.

10. 2004347 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um nýtingu úrræða vegna Covid 19.

Eftirfarandi fyrirspurn lögð fram.

Óskað er eftir yfirliti yfir áhrif og umfang nýtingar bæjarbúa á eftirfarandi úrræði í mars, apríl og mögulega maí ef kostur er.

- a. Skert þjónustugjöld
- b. Aukin fjárhagsaðstoð
- c. Frestun gjalddaga

Lagt fram svar við fyrirspurninni.

Bæjarstjóri upplýsti í lok fundur um stöðu framkvæmda við fjölnota íþróttahús, viðræður við hagsmunaaðila á Garðatorgi og viðræðum við Íslenskar fasteignir ehf. og Þingvang um úthlutun lóða og uppbyggingu í Breiðumýri.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarfulltrúar koma saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Bæjarráð Garðabæjar
17. (1926). fundur 2020

Þriðjudaginn 5. maí 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fjárfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID19 - neyðarstig almannavarna.

Bæjarstjóri upplýsti að í gær hafi hafist eðlilegt starf í leik- og grunnskólum og íþróttastarf barna og ungmenna en með þeim takmörkunum sem fram koma í auglýsingu sóttvarnaryfirvalda varðandi starfsfólk o.fl. Þá hefur bókasafnið opnað og í undirbúningi er að opna Jónshús fyrir félagsstarf eldri borgara.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir helstu atriðum í stöðuskýrslu AHS, dags. 2. maí sl.

Sviðsstjórar fóru yfir starfsemina á sínum sviðum.

Upplýsingastjóri sagði frá því að verið er að boða til samráðsfundar varðandi fyrirkomulag viðburða á höfuðborgarsvæðinu í sumar.

Bæjarfulltrúarnir Björg Fenger og Harpa Þorsteinsdóttir, voru á fundi bæjarráðs undir dagskráliðum 1 og 2.

2. 2003177 - Sumarstörf ungmenna 2020.

Á fundi bæjarráðs undir þessum dagskrárlið voru Inga Þóra Þórisdóttir, mannauðsstjóri og Auður Jóhannsdóttir, deildarstjóri kjaradeildar.

Mannauðsstjóri gerði grein fyrir hugmyndum að ýmsum nýjum sumarstörfum sem geta komið til greina í atvinnuátaki fyrir ungt fólk en í undirbúningi er að sækja um fjárveitingar til Vinnumálastofnunar til nýrra starfa. Að svo stöddu liggja ekki fyrir hvaða reglur munu gilda um umsóknir.

Deildarstjóri kjaradeildar fór yfir kostnaðarútreikninga en fram kom að 236 ungmenni sóttu um sumarvinnu í auglýstum umsóknarfresti. Opnað var fyrir að skrá sig á biðlista og alls eru nú skráðir 188 á biðlista.

Lagðir voru fram kostnaðarútreikningar sem gera ráð fyrir að ráða alla í vinnu sem sóttu um í umsóknarfresti og þá sem eru skráðir á biðlista. Sé miðað við óbreytt vinnutímabil er launakostnaður áætlaður 315 mkr en sé miðað við styttingu vinnutímabils um eina viku er launakostnaður áætlaður 276 mkr.

Í fjárhagsáætlun er launakostnaður áætlaður um 120 mkr.

Bæjarráð samþykkir að gera ráð fyrir að ráða öll ungmenni í sumarvinnu sem sótt hafa um og skráð verða á biðlista sem verður opinn til 31. maí. Við skipulag á fyrirkomulagi vinnu skal miða

við að vinnutími verði stytur sem nemur einni viku. Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá viðauka vegna aukins kostnaðar.

3. **2001314 - Mariugata 8 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ingvari og Kristjáni ehf., kt. 660399-2089, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Mariugötu 8.
4. **2001312 - Mariugata 10 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ingvari og Kristjáni ehf., kt. 660399-2089, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Mariugötu 8.
5. **2001313 - Mariugata 12 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ingvari og Kristjáni ehf., kt. 660399-2089, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Mariugötu 12.
6. **1903293 - Urðargata 1- Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Byggingarfélaginu Rótum ehf., kt. 700707-0160, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Urðargötu 1.
7. **1903292 - Urðargata 3 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Byggingarfélaginu Rótum ehf., kt. 700707-0160, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Urðargötu 3.
8. **1903291 - Urðargata 5 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Byggingarfélaginu Rótum ehf., kt. 700707-0160, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Urðargötu 5.
9. **1908042 - Vesturtún 55a og 55b - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Erlu Lilju Kristjánsdóttur, kt. 030183-4609, og Tinnu Rán Ægisdóttur, kt. 201180-5629, leyfi fyrir nýjum kvistum og stækkun kvista við parhúsið að Vesturtúni 55a og 55b.
10. **2004161 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns vegna lóðanna við Austurhraun 7 og 9.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Molduhrauns í tilefni umsóknar um stækkun á lóðinni við Austurhraun 9 og breytingar á göngustíg milli lóðanna við Austurhraun 7 og 9, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal lóðarhöfum við Miðhraun, Austurhraun og Vesturhraun.
11. **2004418 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Sjálands vegna leiksvæðis við Vesturbrún.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Sjálands í tilefni að tillögu um breytingu á svæði sparkvallar sem verður þá skilgreint sem leiksvæði, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum íbúða við Löngulínu 13, 15, 17, 19, 21, 23, 27 og 29 og Vesturbrú 1.

12. 1912215 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi brottfall deiliskipulags fyrir Viðskiptastræti Urriðaholts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um brottfall deiliskipulags Viðskiptastrætis Urriðaholts en tillaga er um að svæðið verði hluti af deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

13. 1912213 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga Urriðaholts norður vegna afmörkunar skipulagssvæðis.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á deiliskipulagsmörkum. Tillagan var auglýst og bárust engar athugasemdir. Samþykkt breytingin skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

14. 1912214 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna afmörkunar skipulagssvæðis.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á deiliskipulagsmörkum. Tillagan var auglýst og bárust engar athugasemdir. Samþykkt breytingin skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

15. 1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst og bárust engar athugasemdir en umsagnir gefa tilefni að leggja til eftirfarandi breytingu á auglýstri tillögu.

Lóðar og byggingarreitur Urriðaholtsstrætis 1 breytir um stærð og lögun til að lóðin verði utan marka fólksvangsins í Vífilsstaðahrauni.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

16. 1912216 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna ákvæða um skjólveggi.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts er varðar breytingu á ákvæðum skilmála um skjólveggi. Tillagan var auglýst og bárust engar athugasemdir. Samþykkt breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

17. 1912217 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna ákvæða um skjólveggi.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga norðurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á ákvæðum skilmála um skjólveggi. Tillagan var auglýst og bárust engar athugasemdir. Samþykkt breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

18. 1912218 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna ákvæða um skjólveggi.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga

auglýst og bærust engar athugasemdir. Samþykkt breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

19. 1912219 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna ákvæða um skjólveggi.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á ákvæðum skilmála um skjólveggi. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir. Samþykkt breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

20. 1912220 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna ákvæða um skjólveggi.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts er varðar breytingu á ákvæðum skilmála um skjólveggi. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir. Samþykkt breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

21. 2004377 - Bréf íbúa við Miðskóga varðandi beiðni um breytingu á skipulagi akstursgötu við Miðskóga á Álftanesi, dags. 24.04.20.

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

22. 2004411 - Tilkynning frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um lækkun mánaðarlegra greiðslna vegna útgjaldajöfnunarframlaga og framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti., dags. 28.04.20.

Í tilkynningunni kemur fram að á fundi ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs hafi verið tekin ákvörðun vegna samdráttar á tekjum sjóðsins að lækka mánaðargreiðslur til sveitarfélaga vegna útgjaldajöfnunarframlaga og framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti um 12,5%.

23. 2004427 - Bréf Brynju Hússjóðs varðandi umsókn um stofnframlag vegna ársins 2020, dags. 24.04.20.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara.

24. 2004436 - Ársreikningur og ársskýrsla heilbrigðiseftirlits fyrir árið 2019.

Lagður fram.

25. 2004444 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um þjónustu við fötluð börn og ungmenni.

Lagt fram svar við fyrirspurn um þjónustu við fötluð börn og ungmenni.

26. 2004449 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna, 715. mál., dags. 30.04.20.

Lagt fram.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarfulltrúar koma saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Fjölskylduráð Garðabæjar
4. fundur 2020

Miðvikudaginn 29. apríl 2020 kl. kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir varamaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Snædís Björnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, Yfirfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2004101 - Umsókn um fjárhagsaðstoð trygging húsaleigu

Tekið er fyrir mál r. 2004101 umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

2. 2001029 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

3. 2001465 - Lóð fyrir búsetukjarna

Tekið er fyrir mál nr. 2001465- lóð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Lagðar eru fram til kynningar hugmyndir að lóð fyrir nýja búsetukjarna fyrir fatlað fólk í Garðabæ. Fjölskylduráð fjallar um málið. Ráðið fagnar framkomnum hugmyndum um lóðir fyrir nýjan búsetukjarna og leggur áherslu á að málinu sé hraðað eins og kostur er.

Harpa Þorsteinsdóttir bókar eftirfarandi:

"Garðabæjarlistinn telur mjög mikilvægt að lagt verði mat á kosti og galla hönnunar búsetukjarnans við Unnargrund áður en farið er í framkvæmdir á nýjum búsetukjörnum. Þar með verði óskað eftir kostum og göllum frá íbúum og eða aðstandendum er varðar hönnun og skipulag íbúðakjarnans.

Uppbygging búsetu fyrir fatlað fólk er afar mikilvæg og því skiptir máli að hugað sé vel að notendabörf og komið eins vel til móts við þarfir þessa hóps og mögulegt er með því að tryggja að þeirra rödd fái áheyrn.

Því til stuðning vísa ég í lög um þjónustu við fatlað fólk í 9. gr en þar segir: „Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu.“

4. 2003108 - Beiðni um endurúttekt á væntanlegri stuðningsfjölskyldu

Tekið er fyrir mál nr. 2003108 beiðni um endurúttekt í tengslum við endurnýjun stuðningsfjölskylduleyfis. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að mæla með endurnýjun leyfis. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
20. fundur 2020

Miðvikudaginn 22. apríl 2020 kl. 15:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Hrannar Bragi Eyjólfsson var í tæknilegum vandræðum á meðan á fjarfundinum stóð en telst hér með sem fundarmaður.

Gestir fundarins undir 1. lið voru Margrét Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar, og Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - Kórónaveira - COVID-19 - starfsemi safna

Margrét Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar, og Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, greindu frá með hvaða hætti söfnin hafa starfað eftir að samkomubann var sett á. Fyrirhugað er að söfn og menningarstofnanir geti opnað aftur að nýju 4. maí en virða þarf fjöldatakmarkanir, uppfylla kröfur um þrif og sóttþreinsun almenningsrýma og 2 metra fjarlægð á milli manna.

Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri greindi frá starfi neyðarstjórnar Garðabæjar og samvinnu við almannavarnir höfuðborgarsvæðisins um það sem varðar starfsemi og þjónustu sveitarfélaga á neyðarstigi almannavarna í tengslum við Covid-19 faraldurinn.

2. 1909070 - Listadagar barna og ungmenna 2020

Vegna neyðarstigs almannavarna í tengslum við Covid-19 faraldurinn verða engir Listadagar barna og ungmenna í lok apríl eins og til stóð. Kanna þarf í samráði við skólustjórnendur hvort fresta skuli listadögum um ár eða hafa þá vorið 2022.

3. 1911310 - Þriðjudagsklassík 2020

Vegna neyðarstigs almannavarna í tengslum við Covid-19 faraldurinn var tónleikaröðinni Þriðjudagsklassík frestað sem til stóð að halda á vorönn 2020. Í skoðun er hvort hægt er að halda Þriðjudagsklassík í haust. Upplýsingastjóra falið að vera í sambandi við Ingibjörgu Guðjónsdóttur, listrænan stjórnanda tónleikaraðarinnar, um framhaldið.

4. 2001324 - Jazzhátíð Garðabæjar 2020

Vegna neyðarstigs almannavarna í tengslum við Covid-19 faraldurinn var Jazzhátíð Garðabæjar frestað sem til stóð að halda á vorönn 2020. Skoðað verður hvort hægt sé að vera með einhverja jazztengda viðburði á haustönn í stað hátíðarinnar en að öðru leyti er miðað við að hátíðin verði haldin næsta vor 2021 í kringum Sumardaginn fyrsta eins og fyrri ár.

5. 2001328 - Menningaruppskeruhátíð 2020

Umræður voru um með hvaða hætti hægt er að halda menningaruppskeruhátíð Garðabæjar með

breyttu sniði vegna fjöldatakmærkana og sóttvarna. Fyrirhuguð menningarhátíð átti að vera miðvikudaginn 27. maí en í skoðun er að vera með hátíðina í júní í staðinn. Upplýsingastjóra falið að vinna áfram að undirbúningi uppskeruhátíðarinnar í samræmi við umræður á fundinum.

6. 2001327 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2020

Auglýst var eftir ábendingum um bæjarlistamann um mánaðamótin mars/apríl í Garðapóstinum og á vef Garðabæjar. Frestur til að skila inn ábendingum er til og með 3. maí nk. Farið var yfir lista yfir fyrri bæjarlistamenn Garðabæjar og eldri ábendingar.

7. 2001326 - Hvatningarsjóður ungra listamanna 2020

Auglýst var eftir umsóknum í Hvatningarsjóð ungra listamanna um mánaðamótin mars/apríl í Garðapóstinum og á vef Garðabæjar. Frestur til að skila inn ábendingum er til og með 3. maí nk.

8. 2003036 - Styrkbeiðni vegna útgáfu bókar um Eypór Þorláksson

Bréf Þórarins Sigurbergssonar og Péturs Jónassonar um styrk vegna útgáfu bókar um gítarleikarann Eypór Þorláksson, dags. 3. mars 2020 tekið fyrir.

Menningar- og safnanefnd telur eigi unnt að verða við styrkbeiðninni en tekur jákvætt í að skoða kaup á nokkrum eintökum af bókinni til að eiga í menningarstofnun bæjarins þegar hún kemur út.

9. 1906094 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna

Tillaga starfshóps um val á yfirmarkmiðum heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna fyrir Garðabæ lögð fram.

Tillagan var lögð fram í bæjarráði Garðabæjar til kynningar í byrjun mars. Bæjarráð samþykkti að unnið yrði áfram með þau verkefni sem starfshópurinn valdi og vísaði tillögu starfshópsins til umfjöllunar í fastanefndum bæjarstjórnar.

Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, greindi stuttlega frá vinnu starfshópsins.

10. 1909069 - Verkefni menningar- og safnanefndar 2019-2020

Umræður voru um verkefni framundan í sumar og næsta vetur þegar samkomubanni verður aflétt í áföngum.

Upplýsingastjóri greindi frá samráði menningarfulltrúa á höfuðborgarsvæðinu við almannavarnir á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við viðburði í sumar, eins og 17. júní hátíðarhöld og fleiri viðburði. Einnig greindi upplýsingastjóri frá samtali við Gunnar Júlíusson, nýjan formann myndlistarfélagsins Grósku, í tengslum við árlega Jónsmessugleði Grósku og hvort og með hvaða hætti Jónsmessugleðin færi fram í ár.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

5. fundur 2020

Fimmtudaginn 30. apríl 2020 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda og Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1811125 - Urriðaholt Norðurhluti 4 - deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 að lokinni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust en umsagnir gefa tilefni til viðbragða. Umsagnir Minjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðar lagðar fram. Lögð fram greinargerð skipulagsráðgjafa um viðbrögð við ábendingum í umsögnum. Hrafnhildur Brynjólfsdóttir gerði grein fyrir tillögum að viðbrögðum. Skipulagsnefnd samþykkir að eftirfarandi breyting verði gerðar á tillögunni: Lóð og byggingarreitur að Urriðaholtsstræti 1 breytir um stærð og lögun þannig að lóðin verði örugglega utan marka fólkvangsins í Vífilsstaðahrauni. Skipulagsnefnd fellst á aðrar lagfæringar sem lagðar eru til í greinargerð skipulagsráðgjafa. Skipulagsnefnd samþykkir svör við umsögnum sem fram koma í greinargerðinni og rökstuðning þeirra. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindum breytingum sem deiliskipulag Urriðaholts Norðurhluta 4 í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Urriðaholts viðskiptastrætis.

2. 1912215 - Urriðaholt Viðskiptastræti - fellt úr gildi

Lagt fram deiliskipulag Urriðaholts Viðskiptastrætis. Skipulagsnefnd samþykkir að við gildistöku deiliskipulags Urriðaholts Norðurhluta 4 falli deiliskipulagið Urriðaholt Viðskiptastræti úr gildi. Skipulagssvæði Viðskiptasvæðis er allt innan skipulagssvæðis hins nýja deiliskipulags.

3. 1912213 - Urriðaholt norðurhluti 3 - afmörkun svæðis - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts-Norðurhluta 3 að lokinni auglýsingu. Tillagan gerir ráð fyrir breyttum deiliskipulagsmörkum til aðlögunar að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr,123/2010.

4. 1912214 - Urriðaholt austurhluti 1 - afmörkun svæðis - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts-Austurhluta 1 að lokinni auglýsingu. Tillagan gerir ráð fyrir breyttum deiliskipulagsmörkum til aðlögunar að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr,123/2010.

5. 1912216 - Urriðaholt vesturhluti - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts-Vesturhluta að lokinni auglýsingu. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á almennum lóðaskilmálum deiliskipulagsins hvað varðar ákvæði um sérnotafleti lóðar, girðingar og skjólveggi.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr,123/2010.

6. 1912217 - Urriðaholt norðurhluti 1 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts-Norðurhluta 1 að lokinni auglýsingu. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á almennum lóðaskilmálum deiliskipulagsins hvað varðar ákvæði um sérnotafleti lóðar, girðingar og skjólveggi.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr,123/2010.

7. 1912218 - Urriðaholt norðurhluti 2 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts-Norðurhluta 2 að lokinni auglýsingu. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á almennum lóðaskilmálum deiliskipulagsins hvað varðar ákvæði um sérnotafleti lóðar, girðingar og skjólveggi.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr,123/2010.

8. 1912219 - Urriðaholt norðurhluti 3 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts-Norðurhluta 3 að lokinni auglýsingu. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á almennum lóðaskilmálum deiliskipulagsins hvað varðar ákvæði um sérnotafleti lóðar, girðingar og skjólveggi.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr,123/2010.

9. 1912220 - Urriðaholt austurhluti 1 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts-Austurhluta 1 að lokinni auglýsingu. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á almennum lóðaskilmálum deiliskipulagsins hvað varðar ákvæði um sérnotafleti lóðar, girðingar og skjólveggi.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr,123/2010.

10. 1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.

Skipulagsráðgjafar gerðu grein fyrir mótun tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar. Þeir

ráðgjafar sem voru viðstaddir fundinn voru Sigurður Einarsson Betteríinu, Jóhanna Helgadóttir Eflu, Berglind Hallgrímsdóttir Eflu, Daði Baldur Ottósson Eflu og Þráinn Hauksson Landslagi ehf. Ólöf Kristjánsdóttir hjá Mannviti fór yfir atriði er lúta að BREEAM-vottun skipulagsins. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni-og umhverfissviði.

11. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag

Sigurður Einarsson hjá Batterínu gerði grein fyrir mótun tillögu að Hnoðraholti norður. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni-og umhverfissviði.

12. 1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.

Þráinn Hauksson hjá Landslagi ehf gerði grein fyrir mótun tillögu að deiliskipulagi Rjúpnadals. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni-og umhverfissviði.

13. 2004418 - Leiksvæði í Sjálandi

Lögð fram tillaga að útfærslu leiksvæðis við Vesturbrú í Sjálandi. Skipulagsnefnd telur að tillagan kalli á breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir því að á þessum stað verði auk sparkvallar gert ráð fyrir leiksvæði barna. Tillagan er metin sem óveruleg breyting deiliskipulags og henni vísað til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum íbúða í Löngulínu 13,15,17,19,21,23,27 og 29 og Vestrbrú 1.

14. 2003196 - Vesturtún 25 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimiluð verði stækkun byggingarreits um 50 cm að göngstíg þannig að hann verðir í 2,5 metra frá lóðarmörkum í stað 3 m. Skiplagsnefnd mælir ekki með því að byggingarreitur verði færður nær göngustíg á þessum stað. Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir vék af fundi undir þessum lið.

15. 2004152 - Grænigarður - nýtt deiliskipulag - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn til skipulagsnefndar um tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis sem gerir ráð fyrir íbúðarhúslóð umhverfis húsið Grænagarð sem stendur á svæði sem skilgreint er sem opið svæði í Aðalskipulagi Garðabæjar og sem skógræktarsvæði í deiliskipulagi Garðahverfis. Skipulagsnefnd er jákvæð gagnvart tillögunni en telur að setja þurfi fyrirvara um aðkomu að lóðinni sem geti breyst þegar að Garðaholt verður deiliskipulagt. Tillagan kallar á aðalskipulagsbreytingu. Vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

16. 2004161 - Austurhraun 7 og 9. Breyting á deiliskipulagi Molduhrauns

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir því að lóðin Ausuthraun 9 stækki sem nemi svæði sem tilheyrir bæjarlandi þar sem gert er ráð fyrir göngstíg á milli Miðhrauns og Austurhrauns. Sá stígur hefur ekki verið lagður. Í stað stígsins komi kvöð um gönguleið í gegnum lóðina á sama stað og stígurinn lá. Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Molduhrauns í samræmi við 2.mgr.43.greinar Skipulagslaga nr.123/2010 vísar tillögunni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal lóðarhöfum við Miðhraun, Austurhraun og Vesturhraun.

17. 2003434 - Umferð í Garðabæ

Lögð fram skýrsla um umferð í Garðabæ sem Efla ehf hefur unnið. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við framsetingu skýrslunnar og samþykkir hana fyrir sitt leyti. Vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

18. 2004036 - Ný miðborg eða Borgarlína

Áskorun samtaka um betri byggð lögð fram. Umræðu vísað til næsta fundar skipulagsnefndar.

19. 2003349 - Ferðavenjukönnun fyrir höfuðborgarsvæðið 2019

Lagt fram. Umræðu vísað til næsta fundar skipulagsnefndar.

20. 1809224 - Stofnleiðir hjólreiða

Lagt fram. Umræðu vísað til næsta fundar skipulagsnefndar.

21. 2004027F - afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 4

Fundargerð lögð fram.

- 21.1 2003297 - Hraunhólar 7 - breyting aðkoma að húsi - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Deiliskipulag í Hraunhólum og Lyngmóum er í skoðun. Tekin verður afstaða til hugmynda um aðkomu húsa við Hraunhóla frá Lyngmóum í því ferli.

- 21.2 2004053 - Langalína 14 - óskráð rými - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Umrædd breyting sem spurt er um hefur í för með sér stækkun húss um 70 m². Í skráningartöflu kemur fram að heildarflatarmál sambýlishússins Langalína 10, 12 og 14 er 5.089,8 m². Hámarksflatarmál samkvæmt deiliskipulagi er 5.090,0 m² og er heimild því fullnýtt fyrir.

Skipulagsstjóri tekur ekki afstöðu til atriða sem varða byggingarreglugerð og öryggismál. Þar sem að grenndaráhrif stækkunarinnar eru lítil sem engin gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017. Afgreiðsla málsins nær líka til sambærilegra rýma sambýlishússins.

- 21.3 2003477 - Hagaflöt 20 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Þar sem að hér er um að ræða breytingu á brunagafla á lóðarmörkun (hækkun) er tillögu vísað til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Hagaflatar 18 og 22, Lindarflatar 32, 34 og 36 og Bakkaflatar 1 og 2. Sýna skal bílageymslu innan við bílastæði sem nýtist smærri bifreiðum. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

- 21.4 1902148 - Markarflöt 51, fyrirspurn um viðbyggingu

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu að lokinni grenndarkynningu. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagsbreyting skoðast því samþykkt. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

- 21.5 2004225 - Krókamýri 18 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir tengibyggingu milli íbúðarhúss og bifreiðargeymslu. Bifreiðargeymsla er sambyggð bifreiðargeymslu aðliggjandi lóðar með eldvarnarvegg á milli. Í deiliskipulagi Hofstaðamýrar er gert ráð fyrir því að bifreiðargeymslur séu stakstæðar á þessum stað. Vísað til grenndarkynningar þar sem að ekkert deiliskipulag telst í gildi. Grenndarkynna skal eigendum Fífumýrar 15 og Krókamýrar 16, 20, 32 og 34.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.6 2003086 - Lyngmóar 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Tillögu vísað til umsagnar deiliskipulagsráðgjafa sem vinnur að mótun tillögu að deiliskipulagi fyrir Lyngmóa, Hrísmóa og Kjarmóa.

21.7 2004290 - Hofslundur 3 breytingar á bílskúr - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn þar sem spurt er hvort heimilað verði að bifreiðargeymslu sé breytt í íverurými.

Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi Lunda sem verður staðfest á næstu dögum skal gera ráð fyrir bifreiðargeymslu fyrir 2 bíla í öllum einbýlishúsum í Lundahverfi nema í Skógarlundi þar sem gera skal ráð fyrir bifreiðargeymslu fyrir 1 bíl.

Tillaga sem gerir ráð fyrir breytingu eins og spurt er um er því ekki í samræmi við deiliskipulag Lundahverfis.

21.8 1809323 - Hvannalundur 17 - breyting bílskúr

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn þar sem spurt er hvort heimilað verði að bifreiðargeymslu sé breytt í íverurými.

Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi Lunda sem verður staðfest á næstu dögum skal gera ráð fyrir bifreiðargeymslu fyrir 2 bíla í öllum einbýlishúsum í Lundahverfi nema í Skógarlundi þar sem gera skal ráð fyrir bifreiðargeymslu fyrir 1 bíl.

Tillaga sem gerir ráð fyrir breytingu eins og spurt er um er því ekki í samræmi við deiliskipulag Lundahverfis.

21.9 2003173 - Haukanes 24 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Byggingarleyfisumsókn sýnir stóra verönd við vesturhlið byggingar. Jarðvegshæð við lóðarmörk er óbreytt. Nyrsti hluti verandar eru svalir sem ná út fyrir byggingarreit. Þar er aðgengi að verönd úr stofu. Samkvæmt deiliskipulagi skulu allir hlutar byggingar vera innan byggingarreits þ.m.t. svalir. Tilgreina skal B-rými sem myndast undir "svalahluta" verandar til útreiknings nýtingarhlutfalls.

B-rými undir svölum að norðanverðu eru ekki tilgreind í skráningatöflu og þarf að lagfæra. Hámarksnýtingarhlutfall samkvæmt deiliskipulagi er 0.45.

Þar sem að "svalahluti" verandar ná út fyrir byggingarreit lítur skipulagsstjóri svo á að um tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi sé að ræða og vísar tillögunni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Haukaness 21, 22, 23 og 26. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.10 2004270 - Lóðarmörk Árakurs og Byggakurs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

21.11 2004259 - Breiðakur 1 - skjólveggur á lóðarmörkum

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Skipulagsstjóri samþykkir fyrir hönd Garðabæjar skjólveggi tillögunnar sem hér segir. Veggur sem er næst Dalakri 2 og að Vesturökrum 1,8 m með þeim fyrirvara að samþykki aðliggjandi lóðarhafa liggi fyrir og að veggur sé 60 cm frá lóðarmörkum að Vesturökrum. Veggur sem liggur að lóðarmörkum við Vesturakra 1,5 m og þá í samræmi við viðmiðunarreglur byggingarfulltrúa sem lengi hefur verið stuðst við. Veggur sem liggur fyrir hornið skal vera 1,2 að hæð og í 90 cm frá lóðarmörkum, einnig þar sem að hann beygir. Á svæði milli lóðarmarka og skjólveggja skal gróðursetja. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.12 1807087 - Víkurgata 27 (29)-Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu að lokinni grenndarkynningu. Engin athugasemd hefur borist. Tillagan skoðast því samþykkt.

21.13 2004075 - Andvaravellir 2 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimilað verði að hafa breidd hesthúss 12,21 m í stað 12m.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
19. fundur 2020

Þriðjudaginn 21. apríl 2020 kl. 16:30 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Bryndís Stefánsdóttir fulltrúi kennara og Baldur Freyr Ólafsson fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - Kórónaveira - COVID-19

Farið yfir stöðuna í grunnskólum Garðabæjar síðustu daga og vikur og þær breytingar sem líklega verða á skólahaldi eftir 4. maí.

Skólanefnd þakkar starfsfólki grunnskóla bæjarins fyrir fagmennsku og æðruleysi í störfum sínum.

2. 2001390 - Þróunarsjóður grunnskóla Garðabæjar 2020

Rætt um stöðu sjóðsins, skólanefnd leggur áherslu á mikilvægi sjóðsins fyrir skólasamfélagið í bænum, áframhaldandi skólaþróun og starfsánægju.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands
1. fundur 2020

kl. 10:30 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Þriðjudaginn 14. janúar 2020

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1912001HO - Úttekt á húsnæði

Niðurstöður úttektar á húsnæði safnsins leiddu í ljós að fara þarf í aðgerðir á efri hæð húsnæðisins við Garðatorg 1. Loka þarf sýningarsölum safnsins í 8 vikur. Ákveðið hefur verið að fara í þessar framkvæmdir í júlí og ágúst 2020.

2. 1912001HO - Úttekt á húsnæði

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

Fundargerð

27. apríl 2020

1 Ársskýrsla og ársreikningur HHK 2019

Lögð fram ársskýrsla HHK fyrir árið 2019 og ársreikningur fyrir 2019. Í ársskýrslunni kemur fram að heildarfjöldi fyrirtækja og stofnanna á skrá hjá eftirlitinu voru 1641 á árinu 2019 var farið í 1.557 eftirlitsheimsóknir. Fjallað er um helstu verkefni heilbrigðiseftirlitsins og er ársskýrslunni skipt upp í kafla þar sem fjallað er um; matvælaeftirlit, hollustuhætti, umhverfiseftirlit og fjármál.

Í ársreikningi fyrir 2019 kemur fram að niðurstaða reksturs er í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir árið og er framlag sveitarfélaganna til heilbrigðiseftirlitsins 44.8 milljónir, en samkvæmt fjárhagsáætlun var framlag sveitarfélaga 45.3 milljónir.

Ársreikningurinn var yfirfarinn og staðfestur af stjórn með undirritun.

2 Starfsleyfi

Garðabær

2.1 Litlatún 3, Garðabæ - matvöruverslun

Lögð fram umsókn Berglindar Heiðu Andrésdóttur, f.h. Hagkaup, kt. 430698-3549, dags. 01.04.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir matvöruverslun að Litlatúni 3, Garðabæ. Fasteignanr.: 2305334.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.2 Miðhraun 4, Garðabæ - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Gylfa Rútssonar, f.h. Distica hf., kt. 680604-4010, dags. 06.04.2020 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla frá Miðhrauni 4, Garðabæ. Fasteignanr.: 225 5363.

Ný starfsemi /Breyting á starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 04.04.2020. Jákvætt svar byggingafulltrúa frá 27.04.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.3 Miðhraun 14, Garðabæ - húðflúrstofa

Lögð fram umsókn Jóhanns Fannars Ólafssonar, f.h. Hönnun og list ehf., kt. 591118-0560, dags. 01.04.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs húðflúrstofu að Miðhrauni 14, Garðabæ. Fasteignanr.: 2255639.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 06.04.2020. Jákvætt svar byggingafulltrúa 27.04.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.4 Vesturhraun 3, Garðabæ - matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Guðmundar Svavarssonar, f.h. Reykjagarðs hf., kt. 650903-2180, dags. 31.03.2020 þar sem sótt er um leyfi til matvælaframleiðslu að Vesturhrauni 3, Garðabæ. Fasteignanr.: 2236760, 2236761.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

2.5 Dalshraun 20, Hafnarfjörður - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Valdimars Sigurjónssonar, f.h. Dekkjasalan ehf., kt. 650406-2490, dags. 14.04.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis og bílapartasölu að Dalshrauni 20, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2074357.

Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.6 Flatahraun 25, Hafnarfjörður - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Sigurðar Jólssonar, f.h. Bílaraf ehf., kt. 440102-4920, dags. 21.04.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Flatahrauni 25, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2074788.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.7 Lækjarberg 23, Hafnarfjörður - meindýravarnir

Lögð fram umsókn Ólafs Sigurðssonar, f.h. Forvarnir og Eftirlit ehf., kt. 570903-3650, dags. 17.04.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs meindýraeyðingu að Lækjarbergi 23, bílskúr. Hafnarfirði. Fastanúmer: 207 7569. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.8 Suðurgata 73, Hafnarfjörður - kennslustaður

Lögð fram að nýju umsókn Ásmundar Kristjánssonar, f.h. Annríki Þjóðbúningar/skart ehf., kt. 700693-2799, dags. 15.04.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir kennslustað að Suðurgata 73, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-9491. Endurnýjun.

Fyrir liggur breyting á deiliskipulagi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.04.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.9 Trönuhraun 1, Hafnarfjörður - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Gunnars Gunnarssonar, f.h. Myndform ehf., kt. 671289-1889, dags. 08.04.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla að Trönuhrauni 1, Hafnarfirði. Fastanúmer: 226 9145, 221 4962 og 221 4966. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.04.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

2.10 Vesturgata 10, Hafnarfjörður - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Elíasar Guðmundssonar, f.h. Healty Dóttir ehf., kt. 441219-0750, dags. 20.04.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla frá vöruhótelu. Lögheimili að Vesturgötu 10, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.04.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.11 Ölduslóð 30, Hafnarfjörður - daggæsla

Lögð fram að nýju umsókn Huldu Kristjánsdóttur, kt. 010969-5069, dags. 21.04.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir daggæslu, 10 börn, að Ölduslóð 30, Hafnarfirði. Fastanúmer: 2080882. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.10.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Kópavogur

2.12 Dalvegur 32b, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Þórarins Ævarssonar, f.h. Spaðinn ehf., kt. 491019-0930, dags. 14.04.2020, þar sem sótt er um leyfi til veitingasölu að Dalvegi 32b, Kópavogi. Ný starfsemi.

Fasteignanr.: 2506130.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.4.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 21.04.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

2.13 Engihjalli 8, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Jóhanns Sigurðssonar, f.h. Matarhjallinn (50 kall ehf.), kt. 440320-0820, dags. 31.03.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsöluastaðar að Engihjalla 8, Kópavogi. Eigendaskipti. Fasteignanr.: 224-7005.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.14 Fagrabrekka 25, Kópavogur – matarvagn

Lögð fram umsókn Lýðs Vignissonar, f.h. Just Wingin it 12 ehf., kt. 520220-3480, dags. 07.04.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matarvagns / dreifingu matvæla.

Lögheimili að Fögrubrekku 25, Kópavogi.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.4.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.15 Skógarlind 2, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Þórðar Bragasonar, f.h. IMF ehf., kt. 411117-0650, dags. 03.04.2020, þar sem sótt er um leyfi til veitingasölu (kjúklingur og meðlæti) í verslun Krónunnar, Skógarlind 2, Kópavogi. Ný starfsemi/eigendaskipti. Fasteignanr.: 2308035.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.16 Skógarlind 2, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Grétu Maríu Grétarsdóttur, f.h. Krónan ehf., kt. 711298-2239, dags. 22.04.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Skógarlind 2, Kópavogi. Endurnýjun. Fasteignanr.: 2308035.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3 Umsagnir

Garðabær

3.1 Garðatorg 6, Garðabær - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 18.03.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Reykjavík Napólí ehf., kt. 530317-0990, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Flatey Pizza að Garðatorgi 6, Garðabæ.

Jákvæð umsögn staðfest að lokinni úttekt og staðfestingu heilbrigðisfulltrúa.

3.2 Hagasmári 1, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu móttekið dags. 14.04.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Við sjálf ehf., kt. 521205-0160, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Energia að Hagasmára 1, Kópavogi.

Jákvæð umsögn staðfest, með vísun til starfsleyfis dags. 26.03.2018.

4 Annað

4.1 Umhverfisvöktun Hvaleyrarholti

Lagðar fram mælingar á lofti á Hvaleyrarholti fyrir árið 2019 sem eru hluti af umhverfisrannsóknnum fyrir Rio Tinto á Íslandi. Samkvæmt starfsleyfi álversins í Straumsvík skal rekstraraðili framkvæma reglubundnar mælingar á styrk brennisteinstvíoxíðs (SO₂) og flúoríðs (FJ og F í ryki) í andrúmslofti og gangast fyrir árlegum mælingum í flúoríði í vatni og gróðri (grasi, laufi og barri). Jafnframt er lögð fram skýrsla um flúormælingar í gróðri í umhverfi Rio Tinto á Íslandi.

Helstu niðurstöður eru að mælingar eru í meðallagi fyrir árið 2019 miðað við gildi frá 1992.

4.2. Suðurnesjalína 2, álit um mat á umhverfisáhrifum

Lagt fram mat Skipulagsstofnunar á matskýrslu Landsnets um Suðurnesjalínu 2 á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Landsnet lagði fram frummatsskýrslu um Suðurnesjalínu 2 til athugunar hjá Skiplagsstofnun sbr. 10 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis lagði inn umsögn þann 9. júlí 2019.

Í skýrslunni kemur fram að Landsnet hafi skoðað marga valkosti til að ná markmiði framkvæmdarinnar og að til skoðunar hafi verið valkostir um jarðstrengi, loftlínu og blöndun loftlínu og jarðstrengs. Aðalvalkostur Landsnets var loftlína meðfram Suðurnesjalínu 1, en víkur frá henni og sveigir til suðurs innan sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar.

Það er mat Skipulagsstofnunar að umhverfismat Suðurnesjalínu 2 sé að lagningu línunnar sem jarðstrengs sé best til þess fallin að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sbr. markmiðsákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og þá sé æskilegasti kosturinn valkostur B, sem er jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut.

4.2. Heilbrigðiseftirlitsgjöld

Bæjarráð Hafnarfjarðar óskar eftir umsögn Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis á tillögu fulltrúa Viðreisnar um að heilbrigðiseftirlitsgjald verði lækkað á þá starfsemi sem gert hefur verið að loka vegna samkomubanns.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er fjármagnað með eftirlitsgjöldum í samræmi við lög um matvæli nr.93/1995 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir samkvæmt lögum nr.7/1998 og ákvæðum annarra laga um gjaldtöku s.s. lög um tóbaksvarnir og lög um meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt lögum um heilbrigðiseftirlit greiða sveitarfélögin annan kostnað við eftirlitið.

Reglubundið eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum er áhættuflokkað og er tíðni eftirlits mismunandi eftir starfsemi þeirra. Þannig fá sum fyrirtæki eftirlit annað hvert ár á meðan önnur

fyrirtæki fá eftirlit árlega. Ef ákveðið er að lækka heilbrigðiseftirlitsgjald í hlutfalli við fjölda daga sem starfseminni hefur verið gert að loka, þarf að taka tillit til þessa. Heilbrigðisnefnd telur þessa leið að lækka heilbrigðiseftirlitsgjald til að styðja við atvinnurekstur sem gert var að loka starfsemi tímabundið, ekki skilvirka. Framkvæmdastjóra falið að svara fyrirspurninni í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

(samþykkt með rafrænum hætti)

Jón Haukur Ingvason

Linda Hrönn Þórisdóttir

Sigurður Grétarsson

Gnýr Guðmundsson

Ingibjörg Hauksdóttir

Elínbjörg Ingólfsdóttir



Stjórn SSH 485. fundur

Föstudaginn 13. mars 2020, kl. 09:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Málafni kjarasamninga

Gestir fundarins Inga Rún Ólafsdóttir og Karl Björnsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fara yfir málefni kjarasamninga.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn mun áfram fylgjast með gangi mála eftir því sem við á.

Fundi stjórnar frestað til 13:00 en fréttu er að vænta af frekari viðbrögðum stjórnvalda við Covid-19 veirufaraldinum og blaðamannafundur boðaður kl. 11:00. Framkvæmdastjóra falið að boða skólamálanefndarfund kl. 11:15.

2. Málafni og viðbrögð við COVID-19 veirufaraldinum.

Fundur hófst aftur kl. 13. Nú hefur samkomubanni var lýst yfir frá og með n.k. mánudegi. Farið yfir áhrif samkomubanns á skólastarf sem og aðra grunnþjónustu sveitarfélaganna. Hlé gert á fundi sem hófst aftur kl. 14. Þá verður fundað frekar í dag á vettvangi skólamálanefndar og skólastjórnenda kl.16.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að koma eftirfarandi tilkynningu á sveitarfélög og fjölmiðla.

Varðar: Tilkynning frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er varðar starfsemi grunn- og leikskóla.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum í dag hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að virkja heimildir sóttvarnalaga sem felur m.a. í sér að skólalald verður takmarkað tímabundið. Nánari útfærslur verða unnar samkvæmt tilmælum stjórnvalda.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vinna nú að skipulagningu skólastarfs m.v. ofangreindar ákvarðanir. Þegar hefur verið ákveðið að mánudaginn 16. mars verði starfsdagur í grunn- og leikskólum á höfuðborgarsvæðinu til þess að stjórnendur og starfsmenn grunn- og leikskóla geti skipulagt skólastarfið sem best á þessu tímabili sem takmörkunin nær til.



Foreldrar leik- og grunnskólabarna eru beðnir um að fylgjast vel með upplýsingum sem birtast munu um helgina og á mánudaginn m.a. á heimasíðum sveitarfélagnar og heimasíðum grunn- og leikskóla. Þá eru í undirbúningi sameiginlegar leiðbeiningar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um fristundaheimili, íþróttastarf, íþróttamannvirki, skólahljómsveitir og aðrar tómstundir barna.

Fleira ekki gert og lauk fundi kl:14:30.



Stjórn SSH 486. fundur

Laugardaginn 14. mars 2020, kl. 16:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl Magnús Kristjánsson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins Eiríkur Björn Björgvinsson og Helgi Grímsson.

1. Málafni og viðbrögð við COVID-19 veirufaraldinum

Fundur hófst kl. 13 og farið yfir þá vinnu sem í gangi er varðandi viðmið í leik- og grunnskólastarfi í samkomubanni. Einnig önnur mál er tengjast veirufaraldinum og snerta grunnþjónustu sveitarfélaganna.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar sunnudaginn 15. mars kl. 13:00 vegna málsins en þá er stefnt að tilkynningu er varðar skólahald næstu viku.

2. Tilnefning í samráðshóps lykilaðila í menningarmálum

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að kalla saman samráðshóp lykilaðila í menningarmálum um land allt til þess að vinna að því mikilvæga verkefni að halda uppi starfsemi listastofnana og safna við þær aðstæður sem skapast hafa í íslensku samfélagi. Samkomubann það sem nú hefur tekið gildi bitnar ekki síst á starfsemi menningarstofnana þar sem þær geta ekki haldið uppi sýningarhaldi. Hlutverk hópsins er að afla upplýsinga um viðbrögð stofnana sem og tryggja samráð og samstarf þeirra á milli. Samráðshópurinn verður skipaður forstöðumönnum listastofnana og safna, fulltrúum frá safnaráði, Bandalagi íslenskra listamanna, miðstöðvum lista, landshlutasamtökum sveitarfélaga og Akureyrarbæjar.

Er óskað eftir tilnefningum sem allra fyrst þar sem ráðgert er að halda fjarfund við fyrsta hentugleika þegar tilnefningar liggja fyrir.

Stjórn tilnefnir Örnú Schram sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar og er framkvæmdastjóra falið að koma tilnefningunni á framfæri.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Stjórn SSH 487. fundur

Sunnudaginn 15. mars 2020, kl. 13:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl Magnús Kristjánsson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins Eiríkur Björn Björgvinsson og Helgi Grímsson.

1. Málafni og viðbrögð við COVID-19 veirufaraldinum

Fundur hófst kl. 13 og farið yfir þá vinnu sem í gangi er varðandi viðmið í starfsemi sveitarfélaganna í samkomubanni. Fundi frestað til kl. 16 og þá áframhaldandi umræða um málafnið.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að koma eftirfarandi tilkynningu á framfæri við sveitarfélög og fjölmiðla.

Varðar: Tilkynning frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu um starfsemi grunn- og leikskóla, íþrótt- og menningarmála.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa síðan á föstudag unnið að útfærslu á skólastarfi, starfsemi íþróttamiðstöðva, sundlauga og menningarhúsa næstu vikna í samræmi við tilmæli sóttvarnarlæknis og stjórnvalda.

Í ljósi þess að skólastarf verður með mismunandi hætti milli sveitarfélaga og innan sveitarfélaga eru íbúar á höfuðborgarsvæðinu beðnir um að fylgjast vel með upplýsingum sem birtast munu á heimasíðum sveitarfélaganna og heimasíðum grunn- og leikskóla og þeirra stofnanna sem við eiga.

Rétt er að ítreka að á morgun, mánudaginn 16. mars verður starfsdagur í grunn- og leikskólum höfuðborgarsvæðisins þar sem stjórnendur og starfsfólk vinna nú að skipulagningu skólastarfs miðað við ofangreindar ákvarðanir. Frekari upplýsingar um skólastarf verður að finna á heimasíðum skólanna. Þá verða sundstaðir og íþróttamiðstöðvar lokaðar til að vinna að útfærslum á starfsemi þeirra miðað við tilmæli.

Grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu

Kennsla verður í hópum með ekki fleiri en 20 nemendum og ekki verður um blöndun hópa að ræða innan skóladagsins. Skólar munu halda úti eins miklu skólastarfi og kennslu og kostur er við þessar aðstæður. Það verður í höndum hvers sveitarfélags og skóla að útfæra skiptingu kennslu milli viðveru í skóla og náms heima. Nákvæm útfærsla verður því ólík milli skóla á höfuðborgarsvæðinu.



Öll hefðbundin kennsla í list- og verkgreinastofum mun falla niður og íþrótt- og sundkennsla verður í formi hreyfingar á skólalóð, inni í hópastofum eða annarrar útikennslu. Hver skóli skipuleggur nánari tilhögun skóladagsins og kennslutilhögun. Sér- og starfsdeildir verða með óbreytta starfsemi eftir fremsta megni. Þá verður matarþjónusta í boði í skóla ef mögulegt er að koma því við. Öll neysla á mat fer fram í heimastofum eða í matsal skóla þar sem því verður við komið. Vettvangsferðir falla niður ásamt ferðum í skólabúðir.

Leikskólar á höfuðborgarsvæðinu

Gert er ráð fyrir því að halda starfsemi leikskóla gangandi á sem öruggastan hátt með þeim hætti að börn verði í sem minnstum hópum og aðskilin sem mest. Vegna þessa raskast skólastarfi leikskólum og opnunartími getur breyst s.s. vegna þrifa sem nauðsynleg eru. Hver leikskóli á höfuðborgarsvæðinu mun upplýsa foreldra um útfærslu á skólastarfi á heimasíðu eða í gegnum aðra miðla.

Sundstaðir og íþróttamiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Fjöldatakmörkanir miðast við 100 manns í sama rými í einu og tveggja metra fjarlægð verði milli einstaklinga. Sundlaugar eiga á flestum tímum dagsins að geta uppfyllt fyrra skilyrðið en tveggja metra fjarlægð er erfitt að uppfylla í sundlaugum og í íþróttahúsum. Það er ljóst að samkvæmt þeim tilmælum sem borist hafa, mun íþróttastarf og rekstur íþróttamannvirkja riðlast á næstunni.

Endurskipuleggja þarf verkferla með tilliti til nýrra krafna um sóttvarnir og til að tryggja öryggi gesta og starfsmanna sundlauga og íþróttamiðstöðva. Allir sundstaðir og íþróttamiðstöðvar verða því lokaðar mánudaginn 16. mars og dagurinn nýttur til ákvarðanatöku um framhaldið í samstarfi við viðeigandi aðila.

Fristundaheimili og félagsmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Fristundaheimili verða opin í framhaldi af skóladegi yngstu nemenda en viðbúið er að starfsemi muni að einhverju leyti skerðast.

Starfsemi félagsmiðstöðva tekur breytingum þar sem megináhersla verði á að mæta félagsþörf án þess að skörun verði milli hópa eða bekkja. Til dæmis með hópaskiptingu eða árgangaskiptingu í opnunum og lögð áhersla á hópastarf en ekki stærri samkomur. Nákvæm útfærsla verður ólík milli félagsmiðstöðva.

Tónlistarskólar og skólahljómsveitir á höfuðborgarsvæðinu

Tímar í hljóðfærakennslu og söngkennslu fara fram í húsnæði eða heimastöð tónlistarskóla eða skólahljómsveita. Hóptímar s.s. hljómsveitartímar, hópæfingar, tónfundir, forskóli og tónfræðitímar falla niður. Allir viðburðir tengdir þessari starfsemi falla niður. Viðmið þessi taka einnig til tónlistarnemenda sem eru eldri en 18 ára. Lögð er áhersla á að leitað sé leiða til að viðhalda virkni óháð fjarveru og niðurfellingu tónlistartíma. Nákvæm útfærsla verður ólík milli skóla.

Skólaíþróttir og íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu

Ekki verður hefðbundin íþrótt- og sundkennsla á vegum grunnskóla í samkomubanninu. Viðkomandi húsnæði verður lokað fyrir skólakennslu og íþrótt- og sundkennarar vinna með námshópnum í heimastofu eða úti á skólalóð. Íþróttafélög munu gefa út eigin tilkynningar um íþróttæfingar. Tilkynningar eru þegar komnar frá íþróttasamböndum um leikjábann.

Menningarstofnanir á höfuðborgarsvæðinu

Söfnin á höfuðborgarsvæðinu, listasöfn, bókasöfn og sögusöfn halda óbreyttum opnunartíma þrátt fyrir samkomubann en boðuðum viðburðum verður aflýst eða frestað, svo sem leiðsögnum, listsmiðjum og málþingum, á meðan samkomubannið er í gildi. Á söfnum eru



gestir hvattir til að hafa hæfilega fjarlægð sín á milli. Áfram verður lögð áhersla á aukin þrif í söfnunum á höfuðborgarsvæðinu umfram venjubundna ræstingu.

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru hvattir til að fylgjast vel með upplýsingum sem birtast munu á heimasíðum sveitarfélaganna og heimasíðum grunn- og leikskóla og þeirra stofnana sem við eiga. Þá eru íbúar jafnframt hvattir til að fylgja leiðbeiningum landlæknis um viðbrögð við veirunni inn á covid.is.

Við erum öll almannavarnir.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Stjórn SSH 488. fundur

Mánudaginn 16. mars 2020, kl. 16:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ásgerður Halldórsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH, Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar og Pétur Krogh Ólafsson. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins Eiríkur Björn Björgvinsson og Helgi Grímsson.

1. Skipulag skóla, frístunda og íþrótt

Umræður um útfærslu skerðingar þjónustu grunnskóla, leikskóla, frístundar og tómstundastarfs.

Umræður um viðbrögð við kröfum um endurgreiðslu gjalda, t.a.m. vegna leikskóla og frístundar.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að bíða í viku með að forma viðbrögð, þá verði vonandi m.a. ljóst hvaða þjónustu þarf að skerða og að hve miklu leyti.

Umræða um hvort sundlaugum skuli lokað eða þeim haldið opnum en afstaðan sú að rétt sé að öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu leysi þetta með sama hætti.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að hafa áfram opið með takmörkunum á fjölda, þ.e. komið til móts við leiðbeiningar og staðan endurmetin reglulega.

2. Formleg tilnefning í samráðshóp um skólalald vegna heimsfarald urs kórónaveiru (COVID-19) eftir formlegri beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins

SSH hefur borist formleg beiðni ráðherra um tilnefningu í ofangreindan samráðshóp. Tillaga var gerð um tilnefningu Fanneyju Dórótheu Halldórsdóttur fræðslustjóra í Hafnarfirði og Helga Grímssonar, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt samhljóða.



3. Aðgerðir sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf.

Rætt var um tillögur sem Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur að um aðgerðir sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem blasir við og farið yfir drög að bréfi Sambandsins. Enn liggja ekki fyrir ákvarðanir um aðgerðir en fundað verður um málið í vikunni. Mikilvægt að miðla upplýsingum til aðildarsveitarfélaga SSH eftir því sem tilefni skapast.

Umræða.

4. Málefni útboðs á skíðasvæðunum

Niðurstaða fundar:

Samþykkt að halda áfram með skoðun á málinu miðað við aðstæður.

5. Önnur mál

Ákveðið var að funda að nýju þriðjudaginn 17. mars kl 16:00.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl 16:45.



Stjórn SSH 489. fundur

Þriðjudaginn 17. mars 2020, kl. 16:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ásgerður Halldórsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins Eiríkur Björn Björgvinsson og Helgi Grímsson.

1. Fjarfundir nefnda og ráða

Rætt um stöðuna sem nú er sú að löggjöf, þ.e. frumvarp sem innleiða á bráðabirgðaákvæði um að ráðherra veiti heimildir til fjarfunda, er í vinnslu, samkvæmt skilaboðum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

2. Afstaða sveitarfélaganna er varðar niðurfellingu eða afslátt á þjónustugjöldum sveitarfélaganna s.s. leikskólagjalda

Framhald umræðu frá 488. fundi. Rætt um afstöðu sveitarfélaganna er málið varðar.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að Helgi Grímsson í samstarfi við Sindra Sveinsson og Guðmund Sverrisson komi með tillögu að útfærslu á málinu. Er miðað við að ákvörðun liggja fyrir í næstu viku. Framkvæmdastjóra SSH falið að boða fund vegna málsins.

3. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi aðgerðir sveitarfélaga

Skoðun á því hvort hægt sé að flýta ákveðnum framkvæmdum hjá sveitarfélögum til innspýtingar fyrir atvinnulífið. Búið að senda út vinnuskjal þar sem sveitarfélögin settu inn upplýsingar. Rætt um hvers kyns framkvæmdum sé hægt að flýta þannig að ráðist verði í þær sem fyrst, umræður um að það séu helst jarðvegs- og viðhaldsframkvæmdir sem hægt væri að koma strax af stað. Einnig mikilvægt að gæta að fjárhagsstöðu sveitarfélaganna sjálfra er þetta varðar. Umræður um að þörfin þurfi að vera skýr og liggja fyrir áður en gripið er til aðgerða.

Fundir standa yfir hjá Samráðsnefnd um efnahagsmál og frekari upplýsingar ættu að liggja fyrir á næstu dögum.



4. Önnur mál

4.1. Forgangslisti Almanna- og Almannavarna

Um átján þúsund fjölskyldur á þessum lista, en óljóst hve mörg börn eru í þeim fjölskyldum, en ætti að skýrast á næstunni hversu margar fjölskyldur senda inn beiðni um viðbótarþjónustu til viðbótar við þá skertu þjónustu sem stendur almennt til boða. Island.is og skólarnir munu vinna að þessu og skýrist fljótlega hver þörfin er. Nokkrar útfærsluleiðir standa til boða, að hafa sérstaka forgangsdeild þar sem þessi börn séu saman, að hafa blandaða deild sem gæti orðið flóknara m.t.t. smitleiða eða að skólar sinni eingöngu forgangsþjónustu. Einkaskólarnir eiga að veita sömu þjónustu en í einhverjum tilvikum hafa einkaskólar veitt afslátt af skólagjöldum og kalla þá eftir viðbrögðum frá sveitarfélögnum varðandi tekjur til þeirra. Þá er líka spurning um stöðu sjálfstætt starfandi verkta, s.s. talmeinafræðinga.

Niðurstaða fundar

Lagt til að þetta verði líka tekið til skoðunar í tengslum við skoðun á gjaldtöku.

4.2. Útboð vegna framkvæmda á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins

Ákveðnir óvissuþættir ræddir m.a. m.t.t. gengis og annarrar áhættu vegna áhrifa af þeim faraldi sem nú gengur yfir. Tillaga um að bíða með auglýsingu meðan áhætta er skoðuð frekar. Fallist á það að skoða málið betur og skoða málið fram að helgi.

Niðurstaða fundar

Framkvæmdastjóra SSH falið að fara yfir málið með verkefnahópi um framkvæmdir á skíðasvæðunum.

4.3. Ferðaþjónusta fatlaðra

Framkvæmdastjóri SSH staðfestir að samkvæmt upplýsingum frá Strætó bs. sé útboð að fara af stað.

4.4. Forgangsröðun í samgöngusáttmála

Rætt um fund framkvæmdastjóra SSH og Hrafnkels Á. Proppé með umhverfis- og samgöngunefnd, þar sem m.a. var rætt hvaða verkefnum væri hægt að flýta. Verkefni á borð við hjóla- og göngustíga koma til álita, enda er skipulag þeirra langt komin og krefjast töluverðs vinnuafis. Listi í vinnslu og verður kynntur stjórn SSH þegar hann liggur fyrir.

4.5. Næsti fundur

Ákveðið var að funda að nýju kl. 12:00 fimmtudaginn 19. mars.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:05



Stjórn SSH 490. fundur

Þriðjudaginn 19. mars 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar og Pétur Krogh Ólafsson. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins Helgi Grímsson og Hrafnkell Á. Proppé.

1. Nýjasta útgáfa skjals Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir til innspýtingar fyrir efnahagslífið

Stendur til að afgreiða skjalið sem fyrst en ekki fyllilega ljóst hvenær það verður gert opinbert.

Umræður, en mismunandi eftir sveitarfélögum hvert fjárhagslegt svigrúm til aðgerða er.

Niðurstaða fundar

Á meðan á stjórnarfundum stóð barst nýjasta útgáfa þessa skjals og ekki gerðar áthugasemdir.

2. Flýting verkefna innan samgöngusáttmálans og annarra verkefna

Hrafnkell kynnir drög að minnisblaði sem nú er í vinnslu og dreift var til fundarmanna en ætlunin er að senda það umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Þar er m.a. að finna tillögur um verkefni sem hægt væri að flýta framkvæmdum við.

Umræður

Niðurstaða fundar

Hrafnkell tekur að sér að vinna minnisblaðið áfram í samráði við framkvæmdastjóra SSH, með hliðsjón af áthugasemdum stjórnarmanna, þannig að skýrar komi fram hvaða fjárfrelaga sé þörf frá Alþingi svo unnt sé að flýta þessum tilgreindu framkvæmdum.

3. Önnur mál

3.1. Forgangslisti Almanna og útfærsla þjónustu vegna hans

Tvö þúsund manns hefur verið bætt við lista sem taldi áður um 18 þúsund. Nú er verið að vinna að forgangsörðun innan lista ns, þ.e. frekari flokkun í hópa.

Umræður

3.2. Efnahagsleg áhrif COVID-19

Umræða um hvort undirbúningur sé ha finn varðandi efnahagsleg viðbrögð sveitarfélaga vegna COVID-19. Borgarráð Reykjavíkur er að fara yfir sviðsmynd af efnahagslegum áhrifum en ekki búíð að setja upp



aðgerðir. Lagt til að fjármálastjórar allra sveitarfélaga hafi samráð og fundi jafnframt með greiningardeild Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða fundar

Ákveðið að framkvæmdastjóri SSH sjá í um að hafa samband við aðila og boða slíkan fund.

3.3. Fundur um Borgarlínu

Rafrænn upplýsingafundur um undirbúning Borgarlínu og önnur verkefni samgöngusáttmálans fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur verið boðaður föstudaginn 20. mars.

Umræður um hvort rétt sé að fresta fundi m. t. t. aðstæðna.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að halda fundinn samkvæmt áætlun enda talið mikilvægt að undirbúningur Borgarlínu sé í samræmi við áætlun og að upplýsingagjöf vegna hennar sé góð.

3.4. Staða þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem þurfa að vera heima vegna ungra barna sem fá skerta þjónustu í dagvistun eða skólum vegna COVID-19

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki tekið sameiginlega afstöðu til stöðu þessa hóps vegna slíkra fjárvista. Umræður um að þetta sé atriði sem mannauðs- og fjármálastjórar sveitarfélaganna ættu að skoða í sameiningu.

Niðurstaða fundar:

Borgarstjóri mun afla upplýsinga og senda á stjórnarmenn fyrir næsta stjórnarfund.

3.5. Næsti fundur

Næsti fundur áætlaður 22. mars n.k

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:05



Stjórn SSH 491. fundur

Sunnudaginn 19. mars 2020, kl. 13:30, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar og Pétur Krogh Ólafsson. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund.

1. Tillögur um aðlögun gjalda fyrir þjónustu sem skerðist vegna COVID-19

Farið yfir tillögur verkefnahóps um aðlögun ýmissa gjalda fyrir þjónustu sem skerðist vegna Covid_19. Þá einnig drög að skjali Sambands íslenskra sveitarfélaga er varðar afslætti af greiðsluhlutdeild notenda velferðarþjónustu.

Þá voru ræddar leiðir er varða frestun á gjöldum fasteignaskatts og fasteignagjalda.

Umræður

Niðurstaða fundar

Framkvæmdastjóra er falið að móta tillögur m.v. fyrirbyggjandi umræðu og leggja fyrir stjórn.

Næsti fundur áætlaður 23. mars n.k kl. 16:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:30



Stjórn SSH 492. fundur

Mánudaginn 23. mars 2020, kl. 16:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar og Pétur Krogh Ólafsson. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins Eiríkur Björn Björgvinsson.

1. Tillögur stjórnar að fyrirkomulagi afsláttá af þjónustugjöldum leik-, grunnskóla og frístundaheimilar

Fyrir liggur tillaga um þetta efni, en vinnuhópur á vegum stjórnar hefur unnið að mótun hennar.

Niðurstaða fundar

Samþykkt samhljóða að senda tillöguna út í því formi sem hún er nú. Í kjölfarið taki sveitarstjórnir tillöguna til afgreiðslu, og kynning á henni fari svo fram á vettvangi SSH og heimasíðum einstakra sveitarfélaga:

Varðar: Tillögur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að fyrirkomulagi afsláttá af þjónustugjöldum leik-, grunnskóla og frístundaheimila.

Á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þann 23. mars ákvað stjórn að leggja til við aðildarsveitarfélögin samræmdar tillögur er varða fyrirkomulag afsláttá af þjónustugjöldum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila er koma til vegna Covid-19 veiru faraldsins.

Í þeim tilvikum sem þjónusta leik- og grunnskóla fellur niður eða skerðist vegna verkfalls, samkomubanns, veikinda eða sóttkvíar starfsmanna eða af öðrum sambærilegum ástæðum verða gjöld fyrir viðkomandi þjónustu leiðrétt í samræmi við hlutfall skerðingarinnar. Þá verður í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustu vegna sóttkvíar eða veikinda verða gjöld leiðrétt hlutfallslega. Eforeldrar kjósa að nýta sér ekki þjónustu, t.a.m. með vísan til tilmæla yfirvalda um að foreldrar og forráðamenn haldi börnum sínum heima ef kostur er á hið sama við. Ofangreint nær til þjónustugjalda leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Ákvörðunin er tímabundin og gildir til loka maí. Endurskoðun fer fram að teknu tilliti til aðstæðna og verður fyrirkomulagið auglýst að nýju eigi síðar en 15. maí n.k.

2. Frestun greiðslu fasteignaskatta, skv. frumvarpi til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, þingskjal 1157



Umræður um fyrirkomulag á innheimtu annarra gjalda sem innheimt eru samhliða fasteignasköttum.

Niðurstaða fundar:

Frumvarpið er enn í vinnslu og meðförum Alþingis og því rétt að biða átekta varðandi það hvernig endanleg útfærsla verður. Tillaga um að kalla saman fjármálastjóra sveitarfélaganna til að meta fjárhagsleg áhrif þessa og þess ef einnig verður boðið upp á gjaldfrest annarra gjalda samþykkt samhljóða.

3. Umræða um ný lög um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um ábyrgðasjóð launa og áhrif þeirra á sveitarfélög

Þessi lög kveða á um aukin rétt starfsfólks til atvinnuleysisbóta komi til minnkaðrar vinnuskyldu vegna samdráttar í starfsemi.

Umræður um áhrif þessara laga á sveitarfélögin og starfsfólk þeirra.

4. Önnur mál

4.1. Mat á efnahagslegum áhrifum COVID-19 á sveitarfélögin

Umræður um vinnu við mat á áhrifunum. Verið er að horfa til þriggja sviðsmynda sem Reykjavíkurborg hefur verið að vinna með. Fjármálastjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu munu funda áfram um málið.

4.2. Stjórnsýsluúttekt á byggðasamlögnum

Umræður um stöðu þessa verkefnis og hvort rétt sé að fresta því með tilliti til aðstæðna eða halda áfram samkvæmt áætlun. Fyrirhugað var að halda kynningarfund með fjarfundabúnaði næsta föstudag og stærri fund tveimur vikum síðar.

Niðurstaða fundar

Ákveðið að halda áfram að svo stöddu, halda fyrirhugaðan kynningarfund og skoða svo framhaldið.

4.3. Réttarstaða þeirra starfsmanna sem eðlis starfa sína vegna geta ekki unnið að heiman en geta ekki mætt til vinnu vegna skertrar viðveru barna í dagvistun

Umræður um þessa stöðu en það er e.t.v. misjafnt eftir sveitarfélögum hvernig þetta er afgreitt við launaúrvinnslu.

Niðurstaða fundar

Lögfræðingi SSH falið að skoða.



4.4. Flutningur starfsmanna þeirra starfsstöðva sem nú hefur verið lokað í önnur störf

Umræður um heimildir til að færa starfsmenn t.a.m. sundlauga, bókasafna, félagsmiðstöðva í önnur störf og hvort það sé heimilt á grundvelli neyðarástands og viðbragðsáætlana sveitarfélaganna. Það mun vera frumvarp í smíðum þar sem tekið er á þessu á grundvelli neyðarsjónarmiða.

Niðurstaða fundar

Ákveðið að biða átekta og sjá hvernig þessu verður skipað með lögum.

4.5. Næsti fundur

Tekin verður ákvörðun um fundartíma á morgun.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 17:00.



Stjórn SSH 493. fundur

Mánudaginn 7. apríl 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem rituðu fundargerð.

1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1911002

Gestir fundarins undir þessum lið voru Helga Hlín Hákonardóttir og Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafar verkefnisins frá Strategíu sem fóru yfir stöðu verkefnisins. Haldinn hefur verið fræðslufundur um viðfangsefnið, tekin viðtöl við hagaðila og haldinn vinnufundur með borgar- og bæjarfulltrúm. Fyrir liggur að vinna áfram með það efni sem orðið hefur til í vinnu undanfarna vikna og í framhaldi af því halda annan fund með borgar- og bæjarfulltrúm við mótun á tillögum.

Niðurstaða fundar:

Verkefnið heldur áfram skv. áætlun þess en gert er ráð fyrir því að niðurstöður verkefnisins liggja fyrir 15. maí 2020. Haldnir verða frekari fundir í stjórn SSH vegna málsins á næstunni sem og með borgar- og bæjarfulltrúum eins og fram hefur komið.

2. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Gestur fundarins undir þessum fundarlið var Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri. Á fundi stjórnar þann 6. mars 2020 var framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að nánari skilgreiningu áhersluverkefna en hugmyndir að verkefnum í tengslum við sóknaráætlun 2020 - 2024 lágu þá fyrir. Nú liggja fyrir útfærð áhersluverkefni. Verkefnin hafa verið samþykkt í Stýrihóp Stjórnarráðsins sem staðfesti á fundi sínum í dag, 6. apríl, þau sex áhersluverkefni sem SSH lagði upp með fyrir árið 2020.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir eftirfarandi sóknaráætlunarverkefni fyrir árið 2020 og fjármagn til þeirra.

Verkefni	Fjármagn frá sóknaráætlun	Fjármagn frá SSH
1) Frumdrög að loftlagsstefnu	4.500.000 kr.	1.000.000 kr.
2) Samræming á úrgangsflokkun á höfbsv.	4.500.000 kr.	1.000.000 kr.
3) Greining stöðu ferðapjónustu á höfbsv.	9.000.000 kr.	1.000.000 kr.
4) Forvarnir á tímum covid – 19	3.500.000 kr.	500.000 kr.
5) Stafræn þjónusta	2.500.000 kr.	500.000 kr.
6) Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.



Samtals 30. millj. kr.

3. Málafni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

Stjórn SSH og aðildarsveitarfélögin hafa samþykkt uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og á fundi stjórnar 6. mars 2020 var samþykkt að útboð færi fram að loknum kynningum hjá þeim sveitarfélögum sem óskað höfðu eftir frekari kynningu á málinu. Í kjölfar þeirri ákvörðun kom í ljós að Covid-19 gæti haft áhrif á þau áform og var framkvæmdastjóra á fundi stjórnar hinn 17. mars 2020 falið að fara yfir málið að nýju. Fyrir liggur minnisblað VSÓ vegna málsins frá 23. mars 2020 og fundargerð verkefnahóps vegna uppbyggingar á Skíðasvæðunum frá 24. mars 2020.

Helstu tillögur varðandi málið eru eftirfarandi:

- Að útboð verði ekki sett af stað á meðan útgöngu/ferðabann er í gildi í Evrópuríkjum. Miðað er við að útboð fari af stað um miðjan maí 2020 en seinki frekar ef útgöngubann/ferðabann verður enn í gangi.
- Að seinka afhendingu á snjóframleiðslu um eitt ár eða til 31.10 2021 en halda öðrum afhendingartímum óbreyttum, s.s. á lyftum og snjóframleiðsluáfangu 2, enda var hvort sem er gert ráð fyrir að fyrsta lyftan yrði afhent að hausti 2021.
- Að útboð fari fram á vatnsöflun í Bláfjöllum. Áætlað er að útboð fyrir þá framkvæmd geti farið fram um mánaðarmótin apríl/maí 2020 og verið lokið í haust.
- Að greiðsluflæði sveitarfélaganna verði enduruppreiknað þegar farið verður að sjá til enda á útgöngu/ferðabanni í Evrópu, m.t.t. gengisbreytinga og seinkunna á afhendingu snjóframleiðslu.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir framangreindar tillögur.

4. Samgöngusáttmálinn/ málsnr. 2003010

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála er varða samgöngusáttmálann s.s. frumvarp um stofnun félagsins um framkvæmdirnar, fyrirkomulag á stjórnskipulagi og samningagerð við Vegagerðina. Einnig farið yfir þá möguleika sem eru í stöðunni meðan formgerð samkomulagsins liggur ekki fyrir.

Niðurstaða fundar:

Fulltrúum stjórnar SSH í stýrihópi verkefnisins er falið að vinna að málinu áfram ásamt framkvæmdastjóra.

5. Ársreikningur SSH 2019 / málsnr. 2001002

Gestur fundarins undir þessum lið var Hlynur Sigurðsson, endurskoðandi hjá KPMG. Fyrir fundinum lá endurskoðaður ársreikningur SSH fyrir árið 2019, ásamt áritun KPMG endurskoðunar Kjörnir skoðunarmenn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn fyrir sitt leyti. Hlynur fór yfir ársreikning 2019 og helstu niðurstöður hans.



Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir ársreikning SSH 2019 og mun samþykkja hann formlega með rafrænum undirskriftum í dag.

6. Covid-19 / málsnr. 2003006

Fyrir liggur bréf með afstöðu skólamálanefndar SSH til hvatningarbréfs Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla til fræðsluyfirvalda sveitarfélaga.

Niðurstaða fundar:

Engar athugasemdir.

Umræður um áhrif Covid-19 á sveitarfélögin, m.a. með hliðsjón af réttarstöðu þess starfsfólks sem ekki getur sótt vinnu vegna skertrar dagvistunar barna, umræður um álagsgreiðslur til starfsfólks sem er í beinni snertingu við Covid-19 smitaða, umræður um stöðu sjálfstætt starfandi verktaka. Einnig rætt um fjármögnunarmöguleika, m.a. vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Niðurstaða fundar:

Stjórn mun áfram fjalla um málefni tengd Covid-19 á næsta fundi stjórnar, en skrifstofa SSH mun fara yfir ýmsar hliðar ofangreindra mála.

Þá er formanni, varaformanni SSH og borgarstjóra ásamt framkvæmdastjóra falið að ræða við ríkisvaldið um áherslur SSH og aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna efnahagslegra áhrifa COVID-19.

7. Fundargerð stjórnar Strætó bs. – fundur 318

Fundargerð 318. fundar stjórnar Strætó bs. hinn 13. mars sl. lögð fram til kynningar.

8. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. – fundir 421-424

Fundargerð 421. fundar stjórnar Sorpu hinn 17. febrúar sl. lögð fram til kynningar.

Fundargerð 422. fundar stjórnar Sorpu hinn 3. mars sl. lögð fram til kynningar.

Fundargerð 423. fundar stjórnar Sorpu hinn 13. mars sl. lögð fram til kynningar.

Fundargerð 424. fundar stjórnar Sorpu hinn 23. mars sl. lögð fram til kynningar.

9. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – fundur 880

Fundargerð 880. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 27. mars 2020 lögð fram til kynningar.

10. Skilavegir – yfirfærsla til sveitarfélaga / málsnr. 1910012

Fyrirliggjandi bréf Vegagerðarinnar til Samband íslenskra sveitarfélaga með beiðni um tilnefningu í starfshóp vegna yfirfærslu vega auk erindisbréfs hópsins.



Samband Íslenskra Sveitarfélaga hefur farið þess á leit við Samtök Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að tilnefna tvo af þremur aðilum í starfshópinn. Stjórn bókaði á fundi sínum þann 4.nóvember 2019 eftirfarandi:

„Stjórn samþykkir að stofnuð verði viðræðunefnd til að fara sameiginlega fyrir málinu fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Í viðræðunefndina eru tilnefnd Birgir Björn Sigurjónsson, Guðrún Edda Fimbogadóttir, Eysteinn Haraldsson og Páll Björgvin Guðmundsson. Með hópnum starfar sérfræðingateymi sem í eru Hrafnkell Á Proppé, Ebba Schram og Þorsteinn Rúnar Hermannsson ásamt því að aðrir sérfræðingar sveitarfélaganna verða kallaðir til. Er nefndinn falið að taka nú þegar til starfa. Þá er framkvæmdastjóra falið að tilkynna Vegamálastjóra og ráðuneyti Samgöngu- og sveitarstjórnarmála um þennan vilja af hálfu sveitarfélaganna“.

Ofangreindar viðræður fóru ekki fram og enduðu ekki með samningi við Vegagerðina um skilavegina. Aftur á móti var aðilum gert kleift að leita lausna og semja um yfirfærsluna fyrir árslok 2020 með lögum frá alþingi rétt fyrir síðustu áramót.

Niðurstaða fundar:

Stjórn tilnefndir Pál Björgvin og Birgir Björn Sigurjónsson í starfshópinn en áfram starfi verkefnahópur innan SSH og í honum sitji sömu aðilar og störfuðu með viðræðunefndinni í nóvember 2019.

11. Umsagnir þingmála /málsnr. 1910005

Frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál.

Frestað til næsta fundar.

12. Vefsja svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins / málsnr. 2002001

Svæðisskipulagsstjóri kynnir nýja vefsja SSH sem er hluti af framfylgd svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 ásamt áframhaldandi vinnu sem stendur yfir.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá á fundinum og er fundarliðnum frestað.

13. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:30.



Stjórn SSH 494. fundur

Föstudaginn 17. apríl 2020, kl. 11:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1911002

Gestir fundarins undir þessum lið voru Helga Hlín Hákonardóttir og Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafar verkefnisins frá Strategíu sem fóru yfir stöðu verkefnisins og kynntu fyrstu drög þess og mögulegar sviðsmyndir fyrir uppbyggingu byggðasamlaganna. Farið yfir vinnuna hingað til, viðtöl, fundi og gagnaöflun. Næsta vinnustofa fyrirhuguð eftir viku. Umræður um einstakar sviðsmyndir og hvað þær hafi í för með sér, svo og næstu skref verkefnisins.

Niðurstaða fundar:

Verkefnið heldur áfram skv. áætlun þess en gert er ráð fyrir því að niðurstöður liggi fyrir 15. maí 2020. Haldnir verða frekari fundir vegna málsins á næstunni sem og vinnufundur með borgar- og bæjarfulltrúum. Ákveðið að Strategía haldi kynningar um verkefnið á bæjar- og borgarráðsfundum í næstu viku.

2. Covid-19 / málsnr. 2003006

Umræður um stöðu einkarekinna skóla og tekjutap þeirra vegna lækkaðrar gjaldtöku af foreldrum, hvort sveitarfélögin eigi að bæta það tjón. Hugsanlegt að samningar sveitarfélaganna hvað varðar framlög séu eitthvað mismunandi.

Niðurstaða fundar:

Minnisblað sem Reykjavíkurborg hefur tekið saman verður sent stjórnarmönnum. Skrifstofa SSH mun skoða þetta áfram með tilliti til þess hvort sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu geti formað sameiginlega afstöðu hvað þetta varðar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:25.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
22. eigendafundar Sorpu bs.
Fjarfundur (netfundur)
mánudaginn 6. apríl 2020, kl. 11:30

Mætt:

f.h. eigenda Sorpu bs.:

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbæ.
Líf Magneudóttur, Reykjavík.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Bjarki Bjarnason, Mosfellsbær.
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi.

Ennfremur voru á fundinn Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri Sorpu bs., Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri Sorpu bs., Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. Umræður um hugmyndir að fjárhagslegri endurskipulagningu Sorpu bs.

Birgir Björn Sigurjónsson sem situr í fjármálahópi Sorpu og Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri Sorpu bs. fara yfir fyrirbyggjandi hugmyndir fjármálahóps Sorpu að fjárhagslegri endurskipulagningu Sorpu bs.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umræður:

Niðurstaða fundar:

Stjórn eigendavettvangs er sammála að farið verður betur yfir þær hugmyndir sem fyrir liggja á vettvangi stjórnar.

2. Drög að aðgerðaráætlun um meðhöndlun og förgun úrgangs vegna svæðisáætlunar Sorpu 2020-2035

Páll Guðjónsson verkefnastjóri fer yfir tillögur um fyrirkomulag á meðhöndlun og förgun úrgangs sem tillögu að aðgerðaráætlun um heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur er sammála um að unnið verði áfram að útfærslu fyrirliggjandi tillagna að aðgerðaráætlun. Fram kom að ekki hafi enn tekist að finna lausn á framtíðar urðunarstað í stað Álfsness og mikilvægt að tekin verði nauðsýleg umræða til þess að leysa það mál.

3. Umræður um framtíð endurvinnslustöðva

Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðva hjá Sorpu bs. fer yfir kynningu er varðar framtíðarstaðsetningar endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Lögð er fram tillaga um starfshóp til þess að vinna að framtíðarlausn endurvinnslustöðva. Verkefnin eru eftirfarandi:

- a) Yfirfara núverandi staðsetningar endurvinnslustöðva og framtíð þeirra.
- b) Gera kostnaðaráætlun vegna flutninga á Sævarhöfða.
- c) Tillögur um fjölda og staðsetningar endurvinnslustöðva eftir 10 ár.

Starfshópin skipa Guðmundur Tryggvi Ólafsson Sorpu bs., Guðmundur B. Friðriksson frá Reykjavíkurborg, Jón Kjartan Ágústsson SSH og Jóhanna Björg Hansen Mosfellsbæ.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 12:00.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þann 20.04.2020, kl.13:00, á skrifstofu SORPU bs. Gylfaflöt 5 og í fjarfundi.

426. fundur. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Ingason framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins var Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður. Gestur undir lið 2 var Birgir Björn Sigurjónsson.

Tekið fyrir:

1. Staðan sbr. áhrif sóttvarna á reksturinn
Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um stöðuna og viðbrögð SORPU í sóttvarnarmálum vegna Covid-19. Starfsemin hefur gengið vel og SORPA náð að uppfylla skyldur sínar í úrgangsmálum.
2. Fjárhagsleg endurskipulagning: Staðan eftir eigendafund 6. apríl rædd
 - Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir kynningu á vinnugögnum með hugmyndum varðandi fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins á eigendafundi SORPU þann 6. apríl síðastliðinn. Fram kom að eigendur hefðu óskað eftir fyllri greiningu á helstu áhrifaþáttum.
 - Birgir Björn Sigurjónsson, sérfræðingur, gerði grein fyrir vinnu fjármálahópsins. Stjórnarformaður sagði frá því að hann hyggðist funda með framkvæmdastjórum eigenda hvers um sig ásamt viðkomandi stjórnarmanni hvers sveitarfélags með það fyrir augum að draga saman gleggri mynd af væntingum eigenda um þróun mála.
 - Framkvæmdastjóri lagði fram áætlun um framvindu vinnu við gerð og kynningu tillagna um fjárhagslega endurskipulagningu SORPU (fylgiskjal).
3. Sjálfsmat stjórnar – tillaga að útfærslu lögð fram til kynningar
Framkvæmdastjóri kynnir hugmynd að árangursmati stjórnar og framkvæmdastjóra. Framkvæmdstjóra falið að hefja vinnu um árangursmat.
4. Staða verkefna í Gufunesi og Álfsnesi
Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála í verkefnum í Gufunesi og Álfsnesi. Framvinda er góð í öllum verkefnum.
5. Tillaga um formlega opnun GAJA
Framkvæmdstjóri kynnir að formleg opnun GAJA verði 5. júní 2020
6. Önnur mál
Stjórnarformaður leggur til að á næsta fundi verði kynnt starfsáætlun stjórnar - sem hann mun gera tillögu að ásamt framkvæmdastjóra.
Skrifstofustjóri ræðir möguleika á bættum rekstrarupplýsingum til stjórnar á stjórnarfundum. Skrifstofustjóri mun taka saman rekstrarupplýsingar frá og með næsta stjórnarfundum til aukinnar upplýsinga um rekstur SORPU bs.
Lögð er fram tillaga framkvæmdastjóra fyrir endurvinnslustöðvar um að lengja opnunartíma þeirra um 1 klst. á dag fram til 4. maí 2020. Stjórn samþykkir tillöguna.
Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um að yfirverkfræðingur hefur látið af störfum.

7. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 18. maí kl. 13:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 14:41

Jóna Sæmundsdóttir Samþykkt	SV: Fundargerð 426. stj... þri. 21.4.2020 12:36
Bjarni Torfi Álfþórsson samþykkt	Re: Fundargerð 426. stj... þri. 21.4.2020 08:57
Birkir Jón Jónsson Samþykkt. Kveðja góð Birkir Jón	SV: Fundargerð 426. stj... þri. 21.4.2020 01:18
Ágúst Bjarni Garðarsson Samþykkt	RE: Fundargerð 426. stj... mán. 20.4.2020 21:32
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Sæl Guðrún. Bara smávægilegt frá mér - vantar bíl á verðis. Júní. Annars samþykkt. Kær kveðja, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir	Re: Fundargerð 426. stj... mán. 20.4.2020 21:14
Líf Magneudóttir samþykkt. Bestu kveðjur - Líf Magneudóttir	SV: Fundargerð 426. stj... mán. 20.4.2020 20:20

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

321. fundur

Föstudaginn 17. apríl 2020 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Stöðumat vegna COVID 19
2. Gjaldskrárstefna – tillaga
3. Stefnur Strætó
4. Gæðakerfi Strætó, ársfjórðungsleg staða.
5. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Stöðumat vegna COVID-19

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, fór yfir stöðuna. Gert er ráð fyrir að tekjur verði um 420 til 610 mkr. lægri en áætlun ársins gerir ráð fyrir. Það byggir á þeirri sviðsmynd að þjónustustig verði komið í eðlilegt horf í síðasta lagi í ágúst 2020. Hagrætt hefur verið á móti tekjutapinu og gert ráð fyrir að niðurstaða reksturs Strætó verði um 150 mkr. tap á árinu 2020. Frestað hefur verið fjárfestingu í nýjum vögnum. Lagt var fram minnisblað frá sérfræðingum úr leiðakerfi, farþegaþjónustu og markaðs- og söludeild Strætó þar sem þeir lýsa skoðunum og hugleiðingum sínum er varðar COVID-19 og áhrif þess á rekstur og þjónustu Strætó. Stjórn tekur undir áhyggjur sem þar koma fram og mun leitast við eins kostur er að lágmarka áhrifin á rekstur Strætó. Framkvæmdastjóra var falið að áframsenda minnisblaðið til stjórn SSH. Stofnaður verður vinnuhópur sem mótar tillögur um færslu leiðakerfisins í fyrra horf í skrefum á næstu vikum. Rætt var um hlutfall útivistunar og innvistunar í ljósi aðstæðna. Framkvæmdastjóra var falið að kanna nánar stöðuna. Stjórnarformaður greindi frá samskiptum sínum við framkvæmdastjóra almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins vegna þjónustu Strætó á tímum COVID 19.

2. Gjaldskrárstefna - tillaga

Fyrir fundinum lágu drög að nýrri gjaldskrá í samræmi við umræður í stjórn um gjaldskrárstefnu, þar sem gjaldskrá er einfölduð og afsláttarfyrirkomulag samræmt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og undirbúa erindi sem sent verður til eiganda.

3. Stefnur Strætó

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðamála, kynnti stefnur Strætó. Fyrirhugað er að stjórnendur haldi fund fljótlega þar sem farið verður yfir stefnur Strætó með hliðsjón nýrri stefnumörkun Strætó þar sem áhersla er á þjónustumál.

4. Gæðakerfi Strætó

Sigríður Harðadóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðamála, fór yfir tölfraði er varðar ábendingar úr gæðakerfi Strætó ásamt því að kynna þau umbótaverkefni sem stofnað hefur verið til í framhaldi af ábendingunum.

5. Önnur mál.

- a. Akstursþjónustan staðan. Búið er að senda útboðsgögn út. Hafin er vinna við undirbúning að breyttu fyrirkomulagi, rafræn tenging við leigubílastöð, uppfærslu á leiðbeiningum fyrir notendur, heimasíðu o.fl. Verið að skoða hvort taka eigi upp nýtt vörumerki fyrir akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.
- b. Stjórnarformanni og varaformanni falið að taka upp viðræður við framkvæmdastjóra um ráðningarsamning hans við Strætó.
- c. Rætt var um metanmál og stöðuna á því. Nokkrar umræðar hafa verið hjá sveitarfélögum um stöðuna og næstu skref.

Fundi slitið: kl. 13:00

Fylgiskjöl: COVID -19 staðan.
Stefnur Strætó.
Tölfraði ábendinga.

Björg Fengler

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Tillaga Garðabæjarlistan um verkferlagsreglur fyrir athugasemdir og kvartanir vegna þjónustu við fatlað fólk.

Bæjarstjórn samþykkir að unnar verði verklagsreglur fyrir athugasemdir og kvartanir vegna þjónustu við fatlað fólk þar sem athugasemdir og kvartanir eru skráðar formlega sem og úrvinnsla þeirra. Einnig samþykkir bæjarstjórn að verklag þetta verði birt á heimasíðu sveitarfélagsins gardabaer.is

Greinargerð

Skýrar verklagsreglur eru mikilvægt lýðræðislegt tæki. Skýrar og formlegar verklagsreglur er varða athugasemdir og kvartanir vegna þjónustu við fatlað fólk eru mjög mikilvægar fyrir þá einstaklinga sem nýta þjónustuna til að tryggja að unnið sé skilmerkilega úr athugasemdum og formleg svör séu skráð.

Skýrar verklagsreglur eru ekki síður mjög mikilvægar fyrir stjórnsýsluna. Við í Garðabæjarlistanum tölum fyrir agaðri og faglegrri stjórnsýslu og leggjum því fram þessa tillögu þar sem ekkert formlegt verklag er fyrir hendi er varðar kvartanir eða athugasemdir er varða þjónustu við fatlað fólk.

Fyrir hönd Garðabæjarlistans
Sara Dögg Svanhildardóttir